

Jóla Feykir 2024

JÓLABLAÐ NORÐURLANDS VESTRA
46. tölublað | 44. árgangur



JÓLAHUGLEIÐING | Bryndís Svavarsdóttir prestur í Skagafjarðarprestakalli

Hátíð ljóss og friðar

Aðventan er tíminn þar sem við bíðum eftir að fagna fæðingardegi frelsarans.

Stærsta hátíð kristinna manna fer í hönd. Þetta er tími ljóss og friðar, tími tilhlökkunar, tími minninga til dæmis um æskujólin en einnig tími söknuðar vegna þeirra sem hafa kvatt og farið á undan okkur.

Sú æskuminning sem stendur upp úr hjá mér, er ekki um pakka, mat eða föt heldur þegar jólaserían var dregin fram og pabbi fór yfir hana og gerði við með lóðboltanum. Það þurfti að gera við hana fyrir hver einustu jóla svo það kviknaði á perunum. En um leið og kviknaði á sérúni og hún var komin á tréð þá fylltist húsíð af hátíðleik. Þá fyrst gátu jólin komið. Við vorum tilbúin. Það var ekki skreytt eins mikið þá og nú og sérúrnar voru vandmeðfarnar og viðkvæmar fyrir öllu hnjaski. Ef það slokknadi á henni varð að taka hana af trénu og finna hvar lóðningin hafði gefið sig. Okkur systkinum fannst jólaserían okkar vera tækniundur, allir þessir litir, því amma mín var með heimasíðað spýtujólatré með lifandi kertum á. Það fannst okkur vera gamaldags.

Og nú bíðum við jólanna. Við höfum skapað okkar eigin hefðir til að hátíðleikinn birtist. Við eigum öll eitthvað sem er ómissandi í jólahaldinu og við keppumst um að hafa það allt tilbúið áður en jólin koma. Allar hefðir eru góðar því þær eru okkar eigin og láta okkur líða vel.

Aðventan er upphaf nýs kirkjuárs og Guð hefur séð til þess að við missum ekki af frásögninni af fæðingu Frelsarans. Árlega fáum við að upplifa eftirvæntinguna eftir jólonum. Við fögnum hátíð ljóssins þegar myrkríð er mest.

Á meðan við bíðum gengur lífið sinn vana-gang. Við höldum áfram okkar daglegu störfum. Eins og alltaf er tíminn ótrúlega lengi að líða hjá börnunum og unga fólkinu en eftir því sem við eldumst virðast árin þjóta hraðar framhjá, en aðventan á alltaf sérstakan sess, hún minnir okkur á að staldra við. Við sendum

vinum kveðjur og hjörtun fyllast af hátíðleik þegar jólaljósin lýsa upp skammdegið, heimilin eru skreytt og undirbúningurinn fer á fullt. Við gefum okkur tíma til að vera með okkar nánustu fjölskyldu, njótum samveru með vinum og eignumst fleiri minningar. Kærleikurinn streymir milli manna þegar þeir mætast úti á götu eða koma saman af einhverju tilefni og við óskum þess heitast að allir geti átt gleðilega jólahátíð.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, um leið og ég þakka fyrir góð kynni á líðandi ári.

Guð gefi okkur öllum gleðilega jólahátíð.

Bryndís Svavarsdóttir



Leikskólinn Ásgarður á Hvammstanga

Jólaspekingar spjalla

Jólin eru hátíð barnanna og því er ekkert vit í öðru en spyrja yngstu spekingana aðeins út í nokkur lykiltríði og svörin að sjálfsgöðu hreinskilin.

Að þessu sinni fékk Feykir aðstoð starfsfólks Leikskólans Ásgarðs á Hvammstanga við að safna svörum og myndum frá jólaspekingunum.

Spekingana okkar má finna á nokkrum síðum í blaðinu. Góða skemmtun við lestur JólaFeykis. /6ab

Jólaspekingar spjalla

Fanneý María Guðnadóttir | Ásgarður

Hurðaskellir borðar gúmmíhurð

Af hverju höldum við jólin? Útaf því að það er skemmtilegt.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla.

Hvað borða jólasveinarnir?

Hurðaskellir borðar gúmmíhurð, stekkjastaur kindur, kertasníkir kerti og bjúgnakrækir bjúgur en man ekki hvað allir hinir borða.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Vampíru búning. /kbs



Jólaspekingar spjalla

Arnar Friðrik Eggertsson | Ásgarður

Jólasveinarnir ætla að koma

Af hverju höldum við jólin? Bara, útaf jólasveinarnir ætla að koma.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla.

Hvað borða jólasveinarnir? Kjöt.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Dót, gröfu og eitthvað. /kbs



JólaFeykir 2024

ÚTGEFANDI

Nýprent ehf.
Hesteryri 2, Sauðárkrúki
Sími 455 7176, feykir@feykir.is

RITSTJÓRI & ÁBM.

Óli Arnar Brynjarsson
oli@feykir.is

BLAÐAMENN

Gunnhildur Gísladóttir
gunnhildur@feykir.is

Sigríður Garðarsdóttir
siggag@nyprent.is

Klara Björk Stefánsdóttir
klara@nyprent.is

PRÓFARALESTUR
Starfsmenn Feykis.

FORSÍÐUMYND

Hólmfríður Lilja Böðvardsdóttir.

JÓLAMYNDAGÁTUSMIÐUR

Páll Friðriksson.

AUGLÝSINGASÖFNUN

Sigríður Garðarsdóttir.

UMBROT

Nýprent ehf.

PRENTUN

Prentun, Hafnarfirði.

JólaFeykir er prentaður í 700 eintökum og er dreift til áskrifenda. Hann er einnig hægt að lesa á Feykir.is og hægt að nálgast í völdum verslunum á Norðurlandi vestra.





VERUM SNJÖLL
VERZLUM
HEIMA

VISSIR ÞÚ...?

Að kaupa jólagjafir og annað til jólanna hér heima er stuðningur við samfélagið okkar. Njótum þess besta og jólahátíðarinnar saman. Þannig njótum við öll gleðilegra jóla.

Jólin mín klara@nyprent.is

Eydís Ósk Indriðadóttir | Grunnskólakennari á Hvammstanga

„Skemmtilegast að fá persónulegar gjafir“

Eydís Ósk Indriðadóttir er bóndi í Gröf á Vatnsnesi og ekki nóg með það þá er hún grunnskólakennari, liðveitandi og björgunar-sveitarkona á Hvammstanga. Eydís er í sambandi með Ágústi Þorbjarnarsyni, hún á eina 18 ára dóttur, Júlíu Jöru og 28 ára stjúpson, Eyþór Loga.

Þú ert jólabarn, afhverju helduru að það sé? -Ég elska samveruna með fjölskyldu og vinum sem fylgir jólnum.

Hvað kemur þér í jólaskap? -Jólaverkefnið með krökkunum í skólanum koma mér alltaf í jólaskap sem er í enda nóvember/byrjun desember.

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? -Ég skreyti lítið. Ég geri það yfirleitt rétt fyrir jólin. Ég skreytti mun meira þegar dóttir mín var lítil en það hefur minnkað eftir að hún varð fullorðin.



Eydís langflottust í góðum jólagír með Herðísi Erlu, Júlíu Jöru, Indriða Rökkva og Ými Andra. AÐSEND MYND

Yfirleitt læt ég bara smá ljós duga.

Ertu að gefa margar jólagjafir? Já, þær eru frekar margar. Ég á tvær systur sem eiga haug af börnum, maðurinn minn á fjögur systkini sem eiga líka fullt af börnum, svo þetta er fljótt að telja. Svo verð ég nú líka að gefa foreldrum mínum, og Stellu ömmu, jólagjöf, annað er ekki hægt.

Og er búið að kaupa eitthvað af jólagjöfum? -Ég hef aldrei verið jafn sein í jólagjafainnkaupum! Vanalega byrja ég í september en núna er ég bara nýbúin að kaupa fyrir fullorðna fólk, á öll börnin eftir.

Hvað langar þig í jólagjöf? -Mig vantar ekkert, mér finnst skemmtilegast að fá persónulegar gjafir.

Hvað er besta jólalagið? -Það var alltaf lengi vel *Ef ég nenni* með Helga Björns, en núna síðustu ár hef ég mikið komist í stuð við að hlusta á *Thank God It's Christmas*, snilldarlag með Queen. Svo verð ég alltaf kát að hlusta á *Það er alveg dagsatt* með Dengsa og Hemma Gunn.

Hvenær ertu að taka jólaskrautið niður? -Yfir-

leitt strax eftir nýársdag.

Sendir þú jólakort? Ég þráðist lengi við, enda var þetta upphalds stundin mín á aðfangadeginum, að setjast niður og lesa jólakortin. En ég hef, síðustu tvö ár, sent rafræna kveðju til vina og vandamanna, bæði vegna kostnaðar og eins að það eru allir hættir að senda.

Eru föst jólaboð hjá þér og þínum? -Já þau eru nokkur. Það er hangikjöt hjá mömmu og pabba á jóladag, kjötveisla á annan í jólum hjá tengdaforeldrum mínum, svo var alltaf möndlugrautur í hádeginu á aðfangadag og jólaboð á milli jóla og nýárs hjá Stellu ömmu. Áramótin eru alltaf haldin hjá Öllu, systur mömmu og Jóni Inga, þar sem allir gæða sér á steinasteik og hafa gaman.

Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir hátíðirnar? -Fara í jólaboð hjá fjölskyldunni og tengdafjöl-

skyldunni og eins að halda kokteilboðið mitt árlega.

Ertu að kaupa sér jólaföt á þig og þína? -Nei ég hef nú ekki verið að gera það, ekki síðan dóttir mín var yngri, þá fékk hún jólakjól fyrir jólin.

Hvað er í jólamatin? -Á aðfangadagskvöld er það Hamborgarhyggur.

Bakar þú fyrir jólin? -Ég bakaði reyndar ekkert í fyrra en annars hef ég alltaf bakað og alltof mikið fyrir svona lítið heimili. 7-9 smákökusortir er svolítið mikið fyrir þrjár manneskjur.

Hver er upphaldskökusortin þín? -Það er mjög erfitt að velja en ef ég þarf þá verð ég að nefna þrjár! Ég er óskaplega hrifin af mömmukökum, súkkulaðidropakökum og vanilluhringjum.

Jólin eru... Samvera með fjölskyldunni.

JólaKveðja

Starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Norðurlands sendir Norðlendingum og landsmönnum öllum hugheilar óskir um gleðileg jól, góða heilsu og farsæld á nýju ári.



HSN

Heilbrigðisstofnun
Norðurlands



Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á landsbankinn.is.



velaval.is
alltaf opin!

Verkfæri

*Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á því liðna.*

Hestavörur og fatnaður

Allt fyrir gæludýrið

Sendum um land allt!

VÉLAVAL

Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

Bestu óskir um *Gleðileg jól*
og farsæld á nýju ári.

Þökkum viðskiptin á árinu.

Hjá okkur er *fullt* hús af gjöfum



HÓLAVEGUR 16, SAUÐÁRKRÓKUR
453-5363 / 834-6353
NOONA.IS/VILLAN



Gleðileg jól

Kaupfélag Skagfirðinga sendir bestu óskir
um gleðileg jól og farsælt komandi ár
– þökkum árið sem er að líða.

 Kaupfélag Skagfirðinga

Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
☎ +354 455 4500
www.ks.is

Dögunarrækja er veislumatur

Viltt kaldsjávarrækja eins og hún gerist best

Rækjan frá Dögun er framleidd úr hágæða hráefni úr
Norður-Atlantshafi. Við leggjum áherslu á sjálfbærni
veiðistofna og fullan rekjanleika vörunnar.

Dögun


Jólabakkelsið | gunnhildur@feykir.is

JólaFeykir spjallar við Arndís Mariu Einarsdóttur um verðlaunauppskrift móður hennar

Lakkrístopparnir sívinsælu urðu til í eldhúsi á Sauðárkróki

Arndís María Einarsdóttir er fædd og uppalin á Sauðárkróki. Dóttir Einars Einarsonar sem lengi var kenndur við Steinullarverksmiðjuna og sem gaman er að bæta við að er sonur hjónanna Einars og Dísu í verslunni Vísi á Blönduósi sem þá var og hét. Mamma hennar er Hrefna Guðmundsdóttir sem er í raun ástæða þess að Feykir hafði samband við Arndís. Arndís bjó á Sauðárkróki fram að 18 ára aldri en flutti þá á höfuðborgarsvæðið þar sem hún býr enn ásamt eiginmanni sínum, Birgi Erni Strange, og þremur börnum; Ara Hrafni, Unu Lind og Yrsu Ýri.

Í ár eru lakkrístopparnir, sem bakaðir eru nánast á hverju heimili á Íslandi fyrir hver jól, 30 ára og ekki allir sem vita að þeir eru upprunnir frá Sauðárkróki. Það var nefnilega mamma Arndísar, hún Hrefna heitin, sem bjó uppskriftina til. Hrefna hafði einstaklega gaman af því að baka og elda og ákvað fyrir einhverja tilviljun að taka þátt í smákökuuppskriftarsamkeppni sem hún sá auglýsta fyrir jólin 1994. Þetta var keppni á vegum uppskriftaklúbbs sem hét Nýir eftirlætið sem DV, Nói Siríus, Bylgjan og fleiri stóðu að og voru yfir 1000 uppskriftir sendar inn.

Í framhaldinu fóru fram tilraunir í eldhúsinu heima í Raftahlíðinni þar sem fjölskyldan bjó á þeim tíma. Lokaútgáfan fékk nafnið Kurltoppar og var send inn í keppnina. „Uppskriftin var svo í topp 10 og þurfti mamma að mæta suður þar sem úrslitin voru tilkynnt í gömlu Borgarkringlunni í beinni útsendingu á Bylgjunni,“ segir Arndís. Hrefna endaði á að vinna keppnina. „Ég held að flestir kannist við kökurnar sem kallast Lakkrístoppar í dag. Á Króknum voru



Arndís María og Hrefna móðir hennar. AÐSENDAR MYNDIR

þær nú oftast en ekki kallaðar Hrefnu-kökur í byrjun,“ segir Arndís.

Manstu eftir því þegar mamma þín tók þátt í keppninni? „Já ég man nokkuð vel eftir því. Ég var svo sem bara átta ára, einstaklega matvönd og hafði ekki áhuga á að taka þátt í að smakka

meðan uppskriftin var að þróast. Mummi bróðir minn sá meira um það,“ segir Arndís. Hún man mjög vel eftir því að hafa hlustað á Bylgjuna í beinni þegar úrslitin voru tilkynnt þar sem hún var stödd heima hjá vinkonu sinni. Voru þær að vonum hæst ánægðar með úrslitin.

„Fyrir mig var vinningurinn samt aðalmálið, ferð fyrir fjölskylduna til Danmerkur í tvær vikur og heill hellingur af Nóa Siríus nammi,“ bætir Arndís við.

Bakar þú toppana sjálf? „Já ég geri það. Börnin mín eru mjög hrifin af kökunum svo þær eru bakaðar oftast en einu sinni á adventunni og sagan af ömmu Hrefnu rifjuð upp.“

Einhverjir hafa talið sér trú um að það sé þrautin þyngri að baka lakkrístoppana en það stendur ekki á svari hjá Arndís þegar hún er spurð hver galdurinn sé við að baka fullkomna toppa, „Sennilega er galdurinn að þeyta egg og sykur nógu lengi og baka þá ekki of lengi.“

Bakar þú eitthvað annað fyrir jólin? „Það fer nú ekki mikið fyrir því. Eins og ég sagði, fleiri en eina umferð af lakkrístoppum og svo baka ég söstur með góðum vinkonum.“

Hefur maður ekki þörf fyrir að segja öllum að vinsælustu smákökur á Íslandi hafi verið fundnar upp af mömmu manns og hefur þér alltaf verið trúnað þegar þú segir frá því? „Flestir á Króknum sem þekktu mömmu vissu vel af þessu svo við þurftum nú ekki mikið að monta okkur á þeim tíma,“ segir Arndís og bætir við: „Ég man samt alveg eftir að hafa sagt vinum mínum frá þessu sem ég kynntist eftir að ég flutti suður og ekki verið tekin mjög trúanleg.“

Uppskriftin átti eftir að verða vinsælli og útbreiddari en nokkurn hafði órað fyrir og eftir því sem árin líða finnst fólki sem lakkrístopparnir hafi alltaf verið til. Nói Siríus gerði fallega auglýsingu nýlega svo héðan í frá verður hún notuð sem sönnun.



Uppskriftin sem Hrefna sendi inn Kurltoppar

3 eggjahvítur
200 g púðursykur
150 g Siríus rjómasúkkulaði
160 g Nóa lakkrískurl

- Stíffeytið eggjahvítur með púðursykrinum.
- Saxið súkkulaðið smátt.
- Blandið lakkrískurl og súkkulaði varlega saman við eggjahvítunum.
- Látið með teskeið á bökunarplötu og bakið í miðjum ofni við 150 gráður í 20 mínútur.





Jólaspekingar spjalla

Hjörtur Þór Hartmannsson | Ásgarður

Vantar inniskó

Af hverju höldum við jólin? Útaf því að jólin eru skemmtileg.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla.

Hvað borða jólasveinarnir? Þeir borða grjónagraut.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Vampírubúning, ég kann ekki að vera vampíra en þá get ég æft mig að vera vampíra. Líka inniskó því ég á enga. Hulk leir sem er til í Reykjavík og ég ætla að fá frá ömmu og afa. /kbs

Jólaspekingar spjalla

Emil Jóhann Ásgeirsson | Ásgarður

Langar í vampírubúning

Af hverju höldum við jólin? Af því að jólin eru til.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla.

Hvað borða jólasveinarnir? Skyrgámur borðar skyr, Bjúgnakrækir borðar stóra bjúgu, Kjötkrókur borðar kjöt, Giljagaur tekur mjólkina.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Vampírubúning með vampírugervitönnum. /kbs



Jólaspekingar spjalla

Klara Björg Jónsdóttir | Ásgarður

Jól af því að við ætlum að skreyta

Af hverju höldum við jólin? Af því að við ætlum að skreyta.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla.

Hvað borða jólasveinarnir? Jólamat.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Buxur og peysu. /kbs



Elsku þið!

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Njótum adventunnar og hátíðleik jólanna.
Njótum lífsins og borðum dásamlegan mat af svæðinu.
Njótum samverunnar með fjölskyldu okkar og vinum.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Opnunartímar í KS Hofsósi í kringum jól og áramót

Mán. – fös. kl. 9:30 – 18:00

Laugardaga kl. 11:00 – 16:00

Laug. 21. des. kl. 11:00 – 18:00

Þorláksmessa kl. 9:30 – 20:00

Aðfangadagur kl. 9:30 – 12:00

Gamlársdagur kl. 9:30 – 12:00

KS Hofsósi óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða.





KARLAKÓRINN HEIMIR

Aramótatónleikar

Miðgarði, 28. desember 2024, kl. 20:00.

Sjórnandi: Jón Þorsteinn Reynisson

Píanó: Alexander Smári Edelstein

Einsöngur: Þóra Einarsdóttir og Snorri Snorrason

Forsala í N1 Sauðárkróki og Olís Varmahlíð.

Miðaverð 5.000 kr.

Miði er tilvalin jólagjöf!

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



facebook.com/karlakorinnheimir



Kaupfélag Skagfirðinga

EIGUM FULLT AF FLOTTUM VÖRUM

Í JÓLAPAKKANN

SJÁUMST HRESS Í JÓLASKAPI



KS Verzlunin Eyri

Gjafabréf
er sniðug
jólagjöf

Opnunartími um jólin

23. desember.....	08:00 - 18:00
24. desember.....	LOKAÐ
25. desember.....	LOKAÐ
26. Desember.....	LOKAÐ
27. desember.....	10:00 - 17:00
28. desember.....	10:00 - 13:00
30. desember.....	08:00 - 18:00
31. desember.....	LOKAÐ
1. janúar.....	LOKAÐ

Lokað v/vörutalningar 3. og 4. janúar

Starfsfólk Eyri
óskar viðskiptavinum sínum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu

Rætt við Magnús Ólafsson á Sveinsstöðum um bók hans *Öxin, Agnes & Friðrik*

Sögumaður gefur út sögu

VIÐTAL
Gunnhildur Gísladóttir

Magnús Ólafsson gaf nýverið út bókina *Öxin, Agnes & Friðrik* sem fjallar um síðustu aftökuna

á Íslandi sem framkvæmd var á Þrístöpum í landi Sveinsstaða í Austur-Húnavatnssýslu. Feykir hafði samband við Magnús og forvitnaðist aðeins um nýttkomna bók og lífið.

Magnús er uppalinn á Sveinsstöðum og þar bjuggu forfeður hans frá 1844. Þar var Magnús sjálfur við búskap, fyrst með því að hjálpa til við búskapinn sem ungur drengur, síðan bjuggu hann og faðir hans nokkur ár félagsbúi, en svo keypti hann jörðina ásamt konu sinni 1979 og bjuggu þau til ársins 2004 þegar sonur þeirra og tengdadóttir tóku við búinu. Ólafur sonur hans er sjötti bóndinn í beinan karlegg. Eftir að sonur þeirra keypti jörðina fluttu þau hjónin á Blönduós og bjuggu þar í nokkur ár. Síðan skildu leiðir, hún fékk húsið á Blönduósi en Magnús sumarhús á Litlu Sveinsstöðum. Þar býr hann einn og nýtur þess að hafa frábæra útsýn yfir sveitina sína góðu.

Blaðamaður byrjaði á að spurja Magnús út í bókina sem er ýtarleg saga morða

á Illugastöðum á Vatnnesi, aftöku á Þrístöpum í landi Sveinsstaða og ekki síst hvernig það kom til að bein sakborninga voru grafin upp 104 árum eftir aftöku. „Gerð er grein fyrir helstu persónum, sem að þessum málum komu og raunveruleg ástæða morðanna dregin rækilega fram í dagsljósið,“ segir Magnús.

Nú er Magnús ekki nýfluttur í Sveinsstaði þar sem þessir atburðir gerðust, sem hann skrifar um í bókinni, blaðamanni lék forvitna á að vita af hverju er bókina að koma núna? „Ég hef alltaf vitað af þessari miklu sögu. Áður en staðurinn var afgirtur til þess að auðvelda ferðafólki að koma á Þrístapa báru kindur og hryssur köstuðu í skjóli við hólana. Oft kom ég á Þrístapa og ég man að ég stóð ungur við gröfina sem faðir minn og afi grófu þegar



Magnús fyrir miðju ásamt sonum sínum; Þorgils (t.v.) og Ólafi. Aðrar myndir sem fylgja viðtalinu eru frá hinum ýmsu upptökum tengdum útgáfu bókarinnar. AÐSENDAR MYNDIR

þeir leituðu að beinunum árið 1934. Hugsaði um að þarna hefðu lík af fólki legið meir en 100 ár út í haganum eins og hefur orðið hlutskipti kinda og hrossa, sem bera beinin vítt og breitt um landið. Á þessum tíma var ég ekki með neinar

hugmyndir að skrá söguna, enda var hugur minn á allt öðrum sviðum.“

Hvers vegna telur þú að þessi saga lifi svona með þjóðinni? „Í fyrsta lagi vegna þess að aftakan var gerð

gríðalega áhrifamikil og þetta varð síðasta aftakan á Íslandi. Fólk var látið standa þétt við höggstokkinn og blóð trúlega slest á nærstadda. Í öðru lagi finnst fólki sakborningar hafi hlotið mjög harða dóma, einkum stúlkurnar tvær. Í

Sendum starfsfólki og viðskiptavinum
nær og hjær okkar bestu
jóna- og nýársóskir



STEINULL

Skarðseyri 5 · 550 Sauðárkrúkur · 455 3000 · www.steinull.is

þriðja lagi spilar að hluta inn í á hvern hátt að það kom til að bein sakborninga voru grafinn upp löngu eftir aftöku.“

Er bókin búin að vera lengi í vinnslu? „Það var í raun ekki fyrr en seint á síðasta ári sem hafist var handa að skrifa kafla í bók. Ég hafði áður verið að segja fólki frá á sögustöðunum. Í fyrsta sinn gerði ég það á Þrístöpum haustið 2017. Þá sagði ég frá aftökunni sjálfri og uppgreftri beinanna. Ég skrifaði ekki handrit að sögunni þegar ég sagði hana á Söguloftinu á Landnámssetrinu í Borgarnesi í ársbyrjun 2020, en stundum skrifaði ég eitthvað um þessi mál á fésbókina eða sem stuttar greinar í blöð og tímarit.“

Tvennt ólíkt að segja sögu og skrifa sögu

Margir höfðu nefnt það við Magnús að hann yrði að setja á bók söguna eins og hann segði hana. Þeim þótti hann gera þetta á mjög lifandi hátt og drægi fram allt sem máli skipti. „Þá togaði það í að mér þótti alltaf slæmt að pabbi eða afi hefðu aldrei skrifað um upplifun sína af því að gafa beinin upp á Þrístöpum. Ég vildi ekki að einhver afkomenda minna, jafnvel eftir áratugi, findist slæmt að ég hefði ekki skilið eitthvað skrifað eftir mig um þessa atburði sem ég sagði svo mörgum frá.“

Í nóvember síðastliðið haust fór Magnús svo á námskeið hjá Endurmenntun



Háskóla Íslands þar sem kennt var að koma hugmynd á bók. Það má segja að þar hafi mótast allvel stóra myndin og hófst hann handa að gera ramma sem unnt væri að fylla inn í.

Þegar Magnús er spurður hvað hafi verið mest krefjandi við að skrifa bókina, segir hann það tvennt ólíkt að segja sögu og skrifa sögu. „Ég er sögumaður sem hef gaman af að segja fólki frá. Það gilda

önnur lögmál að skrifa bók. Það þarf að skrifa lifandi texta sem heldur lesanda, raunar líkt og þegar maður er að segja sögu, en er ekki alveg eins. Stundum kemst maður upp með örlitla ónákvæmni þegar maður segir sögu, þegar saga er skráð og byggð á staðreyndum verður að passa sig að allt sé rétt eins og bestu heimildir greina.“ Magnús segist hafa lært það á námskeiðinu að gott gæti

verið að ráða ritstjóra til að lesa kaflana yfir jafn óðum. Ritstjóri gæti oft séð efnið á annan hátt en maður sjálfur og sagt hvenær þyrfti að kafa dýpra og eins hvenær væri farið of langt út í móa, þ.e. hvenær textinn yrði gagnslaus langloka, sem betra væri að stytta eða sleppa alveg.

Hvað viltu að lesendur taki með sér eftir að þeir klára bókina? „Með lestri

bókarinnar vil ég að þeir hafi heildarmyndina af því hvað gerðist í raun og nokkra lýsingu af aðalpersónum þessarar sögu. Átti sig á hvernig sumir drógust inn í málið og hvaða þátt hver þeirra átti í framvindunni.“

Magnús segist aldrei hafa verið sáttur við hvaða mynd Björn sýslumaður dró upp af málinu við réttarhöldin. Hann taldi að um ágirndarmorð hefði verið að ræða og allar hans yfirheyrslur snérust um hver stal frá hverjum.

Telur að ill meðferð á fátækum vinnustúlkum hafi leitt til morðanna

Magnús heldur að peningar hafi átt lítinn þátt í því hvernig fór og rökstyður að ef morðin áttu að færa gerendum auð hefði verið betra fyrir þau að bíða einn dag að framkvæma verkið. Þá hefði ekki þurft að drepa nema Natan einan og þau hugsanlega getað knúið hann til að segja til einhverra peninga. „Ég held hins vegar að hann hafi átt lítið af þeim,“ segir Magnús.

„Ég vona því að lesendur skilji eftir lesturinn að það var ill meðferð á fátækum vinnustúlkum sem leiddu til morðanna. Ég hef alltaf sagt að þær hafi verið allt of hart dæmdar. Svo við vinnslu bókarinnar fæ ég í hendur varnarskjal sem enginn núlifandi manna vissi af fyrr en það fannst í Þjóðskjalasafninu.“ Forfaðir Magnúsar í fimmta lið lagði skjalið fram við réttarhöldin í

Aldan stéttarfélag færir félagsmönnum sínum, sem og landsmönnum öllum, bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

ALDAN

S T É T T A R F É L A G

Borgarmýri 1 550 Sauðárkrúkur Sími 453 5433 www.stettarfelag.is

Hvammi. Varnarskjal sem sýslumaður tók ekkert tillit til, en verjandinn Ólafur Björnsson, kallaður Mála-Ólafur, vildi fríkenna alla sakborninga nema Friðrik. Þetta skjal sýndi honum að þessi forfaðir hans var alveg með sömu sýn á málið og hann. „Hann bjó á Litlu Giljá þegar morðin voru framin og þekkti vel til málsins. Mér finnst mikill fengur að þetta skjal fannst. Það sannar fyrir mér að of mikið var gert úr sök margra sakborninga í málinu. Von mín er sú að ég geti komið þeirri sýn inn hjá lesendum mínum,“ segir Magnús.

Ef þú gætir gefið fólki, sem langar að skrifa bók, eitt ráð, hvert væri það? „Farið á námskeið sem víða eru í boði. Ráðið ykkur ritstjóra. Ef þið verðið eins heppin og ég hjálpar það mikið. Við gerðum handritið það gott að útgefandi tók það strax til útgáfu. Síðan setti hann annan ritstjóra til að vinna bókina enn betur. Betur sjá augu en auga.“

Mikill fjöldi manns sækir Þrístapa heim

Í lokin varð blaðamaður að viðurkenna forvitni sína um Þrístapa, og það Magnús að segja okkur aðeins frá því. „Það var Húnavatnshreppur sem ákvað að fara í að gera þann stað aðgengilegan fyrir ferðamenn. Sýndu með því mikla framsýni. Þeir fengu hönnuði til að hanna svæðið og segja fyrir hvernig skyldi standa að verki. Síðan var farið í framkvæmdir með myndarlegum styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Þessi framkvæmd hefur tekist

mjög vel og fékk staðurinn verðlaun í fyrrihaust frá Markaðsstofu Norðurlands fyrir flotta uppbyggingu. Í haust var hönnun staðarins tilnefnd til hönnunaverðlauna 2024.

Mikill fjöldi manns stansar á bíla-planinu og fólk gengur út á aftöku-staðinn. Í haust var sett hljóðleiðsögn



um svæðið. „Þá talaði ég inn á nokkra hljóðbúta sem fólk getur sótt í símann sinn og leiðir það um svæðið.“

Síðar verður þessi íslenska leiðsögn einnig aðgengileg á erlendum tungumálum, allavega ensku.

„Þessi staður vekur athygli margra sem aka þar hjá og stöðugt vex að fólk stansi og skoði. Svona aðgerðir þarf að gera mun víðar því að mínu mati er saga okkar mögnuð til að laða að ferðamenn, en til þess þeir njóti verður að gera söguna aðgengilega, eins og gert hefur verið á Þrístöpum,“ segir Magnús að lokum.

SÍMANÚMER FYRIRTÆKJA Í KJARNANUM

(Tengill ehf)
☎ 455 9200

KS BÍLAVERKSTÆÐI
☎ 455 4570

KS VÉLAVERKSTÆÐI
☎ 455 4560

Jón Geirmundsson
pípulagningameistari
☎ 825 4565

Drangey STUDIO

Fjölbreytt úrval í jólapakkann fyrir alla fjölskylduna.

Minum á þrjúna viðburðina í desember og jólasamþrjúnið.

Fylgist með á samfélagsmiðlum okkar, @drangeystudio og @rendur.is

Jólakveðjur, Ólína og Helgarut

Aðalgata 4 – 550 Sauðárkrúkur – S:571-4070 – drangeystudio.is – rendur.is



Gleðilega hátíð

Jólin mín klara@nyprent.is

Guðrún Ólafsdóttir | Starfsmaður stuðnings- og stoðþjónustu Skagafjarðar

„Ljósín fá að vera fram yfir þorra“



Guðrún, Sigþór, Rebekka og Snæbjört. AÐSEND MYND

Guðrún Ólafsdóttir býr á Kríthóli 2 í fyrrum Lýdó og er gift Sigþóri Smára Sigurðssyni. Þau eiga tvær dætur, þær Rebekku Ósk og Snæbjörtu Ýr. Guðrún vinnur hjá stuðnings- og stoðþjónustu Skagafjarðar.

Þú ert jólabarn, afhverju helduru að það sé? -Ég hef alltaf notið jólanna, skrautsins og kærleikans.

Hvað kemur þér í jólaskap? -Jólaögin, jólaljósín og kærleikurinn.

Hvenær byrjar þú að jóla-skreyta? -Seinnipartinn í nóv. Allt á að vera klárt 1. desember nema jólatréið.

Ertu að gefa margar jóla-gjafir? -Þær eru svona á milli 15-20.

Og er búið að kaupa eitthvað af jólagjöfum? -Já flestar.

Hvað langar þig í jólagjöf? -Bara að njóta með fólkinu mínu.

Hvað er besta jólagagið? -Jóla ljósín skær.

Hvenær ertu að taka jóla-skrautið niður? -Skrautið fer niður eftir þrettándan en ljósín fá að vera fram yfir þorra.

Sendir þú jólakort? -Já en þau eru ákaflega fá nú orðið.

Eru föst jólaboð hjá þér og þínum? -Já það eru jólaboð og aðrir jólahittingar hjá okkar fólki.

Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir hátíðirnar? -Hátíðin byrjar með skötuveislu. Miðnæturmessa á aðfangadagskvöld í

Víðimýrarkirkju er ómissandi og svo að njóta með fjölskyldunni.

Ertu að kaupa jólaföt á þig og þína? -Við hjónin kaupum okkur ekki sérstök jólaföt en kaupum á stelpurnar spariföt.

Hvað er í jólamatinn? -Hamborgarhryggur og ís á eftir, ef það er pláss.

Bakar þú fyrir jólin? -Eins lítið og ég kemst upp með. Kaupi smákökur frekar.

Hver er uppáhaldsköku-sortin þín? -Kanáðskar piparkökur.

Jólin eru... tími kærleika og væntumþykju.



Gleðilega hátíð

Starfsfólk Byggðasafns Skagfirðinga óskar samstarfsfólki, velunnurum og viðskiptavinum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári!



Brostu í skammdeginu



“Þessi orkublanda kemur þér í gegnum veturinn brosandi“



“Ég þróaði þessa vöru með sjálfa mig í huga“

Katrín Amni Friðriksdóttir
Framkvæmdastjóri ICEHERBS

Við þekkjum öll hið klassíska slen og orkuleysi sem hellist yfir íslensku þjóðina eins og þung mara í skammdeginu með tilheyrandi þreytu og orkuleysi segir Katrín Amni Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi fyrirtækisins Kavita sem framleiðir og þróað íslensku bættiefnalínuna ICEHERBS.

Ég sjálf verð ofboðslega þreytt á veturnar og myrkríð er mér gríðarlega erfitt. Ég hef alltaf verið svona í gegnum tíðina og hélt oft að það væri hreinlega eitthvað að mér. Svo kom á daginn að mig vantaði meira **D-vítamín og smá orkubúst**. Skorturinn hafði mikil áhrif á lífsgæði mín, það var erfitt að vakna á morgnana og myrkríð hafði slæm áhrif á líkamstarfsemina.

Orkublandan okkar frá ICEHERBS inniheldur **2000 einingar af D-vítamíni** og burnirót (Rhodiola rosea), og er hún sniðin að þeim sem glíma við skammdegissten. Það er ótrúleg virkni í Orkublöndunni enda heyrir ég mikið frá viðskiptavinum okkar hvað varan gerir þeim gott og flestir finna fyrir vikni hennar innan örfárra daga og vakna hressari á dimmum morgnum.

Ég þróaði þessa vöru í raun með sjálfa mig í huga. Mér fannst spennandi að tvinna saman þessi tvö innihaldsefni enda hefur **inntaka á bæði D-vítamíni og burnirót reynst mér gríðarlega vel**. Við þekkjum öll mikilvægi sólarvítamínsins D-vítamín er. Svo er burnirótin einfaldlega mín uppáhalds jurtt, þar sem hún er þekkt fyrir að auka orku og kraft, hefur mjög jákvæð áhrif á þreytu, streitu, einbeitingu og andlegt úthald.



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Láttu ekki norsku jólakökuna
fráttu hjá þér fara þessi jólin!

Jóla og nýárskeiðjur,
Sauðárkróksbakari.



Gleðileg jól

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki
óskar íbúum Norðurlands vestra, nemendum
og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla
og farsældar á ári komandi.

**Innritun í dagskóla fyrir vorönn 2025
stendur yfir og lýkur 30. nóvember.
Innritun í fjarnám lýkur 15. desember.
Sótt er um á heimasíðu skólans www.fnv.is.**

Hagstæð heimavist í boði

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans:
www.fnv.is og á skrifstofu í síma 455 8000.



FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA Á SAUÐÁRKRÓKI

Byggðasaga Skagafjarðar

Heildarútgáfa I.-X. bindi

SÍÐUSTU HEILDARSETTIN



TILBOÐ
kr. **50.000**
FYRIR ALLAR TÍU
BÆKURNAR

Ofangreint verð býðst
þeim sem panta beint
frá útgáfunni. Þeir sem
greiða fyrirfram fá
bækurnar sendar
burðargjaldsfrítt.
Annars leggst við
burðargjald.

Kennitala Sögufélagsins er:
640269 - 4649
Bankareikningur:
0310 - 26 - 017302



SÖGUFÉLAG
SKAGAFIRÐINGA

STOFNAD 1937

Safnahúsinu

550 Sauðárkróki

Sími 453 6261 / 897 8646

Netfang: saga@skagafjordur.is

Heimasíða: sogufelag.skagafjordur.is

Heildarútgáfa Byggðasögu Skagafjarðar

- I. bindi um Skefilsstaðahrepp og Skarðshrepp ekki selt stakt
- II. bindi um Staðarhrepp og Seyluhrepp kr. 6.000
- III. bindi um Lýtingsstaðahrepp kr. 6.000
- IV. bindi um Akrahrepp kr. 6.000
- V. bindi um Rípurhrepp og Viðvíkurhrepp kr. 6.000
- VI. bindi um Hólahrepp kr. 6.000
- VII. bindi um Hofshrepp kr. 6.000
- VIII. bindi um Fellshrepp og Haganeshrepp kr. 6.000
- IX. bindi um Holtshrepp kr. 6.000
- X. bindi um Hofsó, Grafarós, eyjarnar og Haganesvík kr. 6.000

Skagfirski kammerkórinn

býður til jólatónleika 2024 í

Hóladómkirkju sunnudaginn 15. desember kl. 20.00

og

Blönduóskirkju þriðjudaginn 17. desember kl. 20.00



Auk kórsins koma fram:


Elena Zharinova stjórnandi
Rögnvaldur S. Valbergsson organisti
Helga Rós Indriðadóttir sópran
Kristín Halla Bergsdóttir fjölskyldu
og barnakór



Enginn aðgangseyrir

Tekið er við frjálsum framlögum í Blönduóskirkju sem renna í orgelsjóð kirkjunnar
Tekið er við frjálsum framlögum í Hóladómkirkju sem renna til líknarmála






Jólaviðtalið | Anna Björk Arnardóttir | UMSJÓN gunnhildur@feykir.is

Þakklát fyrir að fá öll þessi ár

Anna Björk Arnardóttir er fædd og uppalin á Sauðárkróki, nánar tiltekið á Öldustíg 2. Fædd um miðjan mars 1961, yngst sex systkina. Foreldrar hennar þau Erla Ásgrímsdóttir og Örn F. Sigurðsson. Saga Önnu er um margt mjög merkileg því hún er fædd með stóran hjartagalla, op á milli hjartahólfa, á frekar sjaldgæfum stað sem gerði það að verkum að það gréri ekki eins og yfirleitt gerist af sjálfu sér hjá börnum með slíkan galla. Það átti eftir að reynast áskorun fyrir hjón með sex börn að fá viðeigandi aðstoð fyrir þessa litlu stúlku á Sauðárkróki á þessum tíma. Anna varð fyrsti Íslendingurinn til að fara erlendis í svona stóra hjartaaðgerð. Hér er sagan hennar Önnu.

„Árin liðu að ég held nokkuð eðlilega nema að bringubeinið mitt fór að stækka sökum þrýstings frá hjartanu, einnig stækkaði hjartað óeðlilega mikið. Margar læknisferðir voru farnar til sérfræðinga eða barnalækna til Reykjavíkur sem komu með alls konar hugmyndir um hvað gæti verið að. Sem dæmi; að þetta ofvaxna bringubein stafaði af beinkröm eða skyrbjúg, en foreldrar mínir töldu það ekki koma til greina. Þó svo fátækt væri, þá var alltaf til nægur matur sem við systkini mín fengum og ég, ekki vandætin, borðaði allt sem að mér var rétt.

Heldur var farið að draga af mér um fimm ára aldurinn, úthaldslítil og þreytt lítil stelpa sem reyndi þó að halda í leikfélagana, en settist bara niður af og til í hita leiksins. Þetta hefur eldra fólk sagt mér, ekki að ég muni eftir þessum atvikum.



Anna Björk. MYND: GG

Enn ein læknisferðin var farin og þá var móðir mín búin að fá nóg og neitaði að fara út frá læknum nema fá að vita sannleikann um hvað væri að. Svarið sem hún fékk var: „Ef þú átt ekki peninga þá er ekki hægt að bjarga þessu barni.“

„Með þessi svör héldum við heim á Krók.“

Ef þú átt ekki peninga þá er ekki hægt að bjarga þessu barni

„Friðrik Jens Friðriksson, sem þá var heimilislæknirinn okkar, tók málið í sínar hendur ásamt konu sinni og hófu þau söfnun fyrir barnið sem stóð frammi fyrir því að þurfa að fara til Chicago í Bandaríkjunum og gangast þar undir stóra hjartaaðgerð. Friðrik setti af stað söfnun, ekki bara í Skagafirði heldur um allt land. Sú söfnun gekk framur öllum vonum, framlög komu bæði frá félagasamtökum og ekki síst frá einstaklingum. Það safnaðist ríflega miðað við hvað kostaði að senda mig til Chicago í Bandaríkjunum en það var eini staðurinn í heiminum sem gat hugsanlega bjargað þessu litla lífi, sem var ég.

Tíminn var naumur og ljóst að foreldrar mínir gátu ekki fylgt mér í þessa ferð þar sem þau voru mállaus á öðru tungumáli en íslensku, mörg börn voru fyrir á heimilinu og faðir minn sjúklingur að auki. Þessar fréttir bárust um allt land, eins og fram hefur komið, og þá hefur samband yfirhjúkrunarkona á Akureyri, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, sem talar við sína samstarfsfélaga um hvort einhver væri tilbúinn að fylgja mér í þessa ferð. Enginn af þeim sem unnu með Ingibjörgu treysti sér til að fara með mér og endirinn varð sá að Ingibjörg býður sig fram og tekur sumarfríið sitt í að fylgja mér í þessa löngu ferð. Ég hefði ekki getað fengið betri manneskju með mér, hún reyndist mér í alla staði sem besta móðir í þessari ferð.

Nú hefjum við ferðalagið til Chicago sem ég er ekki alveg með á hreinu hvað tók langan tíma. Veit þó að margar stoppistöðvar voru á þessari leið og fleiri en eina flugvél þurfti til. Ingibjörg sagði mér



Þarna eru þær stöllur Anna og Ingibjörg eftir aðgerðina.

seinna meir að við þurftum tvisvar að skipta um vélar á flugvöllum erlendis og á báðum þessum stöðum var full skipuð vél og ekki gert ráð fyrir okkur tveim, sennilega einhver misskilningur í bókunum þar. Ekki veit ég nánar um þessa flugvelli nema það að þegar við þurftum að skipta um vél í annað skiptið var Ingibjörg stoppuð við inngöngu í tiltekna vél með mig í fanginu, þá var bara gert ráð fyrir einum farþega. Einhver orðaskipti fóru fram þarna, þegar ókunnugur maður kemur að, tekur mig úr fangi Ingibjargar og hreinlega treðst með mig framhjá flugfreyjunni. Skipti engum togum, hann sat með mig alla leiðina í þessari vél, það fór vel.

Mátti ekki miklu muna að lífið fjaraði út

Næsti áfangastaður og vélarskipti voru eins, en þá vantaði okkur báðum sæti, greinilega aftur einhver misskilningur þar á ferð. Þá er það starfsmaður á þeim velli sem kallar eftir sjálfboðaliðum, hvort einhver vilji gefa eftir sætin sín því hér sé lítil stúlka sem verði að komast undir læknishendur sem allra fyrst. Það var ungt þar sem gaf eftir sætin sín og voru þetta gyðingar. Ég man svo vel eftir þegar Ingibjörg var að segja mér þessa sögu eftir að ég varð fullorðin, þá sagðist hún alltaf verða svo reið þegar fólk talaði illa um gyðinga, vegna þess að það var eina fólkið sem var tilbúið að gefa okkur eftir sætin sín, svo við gætum klárað ferðalagið á sjúkrahúsið. Því miður get ég ekki munað hvar allar þessar stoppistöðvar eru í heiminum, eflaust hefur Ingibjörg sagt mér það á sínum tíma. En hvað um það, við erum komnar á sjúkrahúsið úti og ég orðin ansi lasin og slöpp, enda ekki góð fyrir áður en þetta langa ferðalag hófst.

Læknar sem tóku á móti okkur sögðu Ingibjörgu að þeir myndu ekki svo mikið sem líta í áttina til mín fyrr en þeir sæju peningana sem borga ætti væntanlega aðgerð. Hér skulum við aðeins staldra við; við erum að tala um árið 1966 og þetta voru

WEBSTER HOTEL

2150 LINCOLN PARK WEST
CHICAGO 60614 DIVERSEY 8-6800
OVERLOOKING LINCOLN PARK AND LAKE MICHIGAN
ONLY MINUTES FROM DOWNTOWN

Chicago 28. júlí '66.

Ákara Erla.
Þökkrað línu. Anna var átorin upp í gær. Það gett þrjú daga - og í dag er hún bressa. Hún er á ærsalatri dæld, og ég mæ þeim-æktja hana á hverjum klukkutíma - 5 mín. í einu. Þau verðu hím á morgun líka, þu svo á barnadældina aftur og þau er hím sóknautími frá kl. 10 á morgunna til kl. 8 á kvöldin. Hím hlakkaði onikið til að koma heim - og við hljúm dagana. Þó virðist hím umma þessu samilega - og íe þessu fer hím að hafa gaman af ýmsu aftur.

Í dag koma hím gæð ljón frá Selfossi með barn, sem þu í uppstúð. Þau munu búa á sama hoteli og ég. Hér á móti er fallegu gæðum og djúragarðum, sem Anna er farin að hlakka til að sjá. Viðrið er þolanlegt í dag - hefir verið ægilega og þopolandi hiltu umdanfarna daga.

Kær þreðja til ykkar allra.
Ingibjörg.

Sendibréf frá Ingibjörgu til móður Önnu.

300 þúsund íslenskar krónur sem aðgerðin kostaði á sínum tíma.

Ingibjörg heldur af stað í bankann og ég var geymd á sjúkrahúsinu umkringd ókunnugum og alls konar lituðu fólki sem ég hafði aldrei séð, frá ýmsum löndum, meðan Ingibjörg kom sér í næsta banka til að taka út peninginn sem þurfti. Þegar Ingibjörg ætlaði að arka af stað með aurinn úr bankanum var hún stoppuð af og bannað að yfirgefa bankann með alla þessa peninga nema í lögreglufylgd vegna glæpatíðni í þessari ágætu borg.

Ekki var beðið með aðgerð þegar peningarnir voru komnir, enda mátti ekki miklu muna að lífið fjaraði út. Sennilega erum við að tala um einhverja klukkutíma.

Eina sem ég man frá þessu var þegar ég var vöknud eftir aðgerð, stödd í stórum sal hulin plasttjaldi með rennilásnum hér og þar svo hægt væri að smeygja höndum starfsmanna inn um til að sinna mér. Mér var sagt að ég hafi verið fyrst og hjartað tekið, lagt á borð við hlið mér því það þurfti að setja bót yfir gatið sem tók 45 mínútur að gera.

Allt tókst þetta vel. Ingibjörg mátti vera hjá mér fimm mínútur á klukkutíma fresti sem mér fannst ansi stuttur tími enda stakk ég upp á því við hana hvort hún vildi ekki bara vera veik líka, þá gæti hún fengið rúmið við hliðina á mér.

Matnum var ég víst ekki hrifin af í Ameríkunni enda bragðaðist hann mikið öðruvísi en heima á Krók, Ingibjörg stýrði heimsóknartímanum gjarnan á matartíma því ég var fús til að borða ef hún mataði mig, enda sagði hún mér seinna að það hafi bjargað mér hvað ég var hlíðin - svei mér þá ef þessi hlíðni loðir ekki við mig ennþá - segi svona.

Ætlaði að eignast mann sem hétu Magnús og skíra dóttir sína Ingibjörg R

Á sjúkrahúsinu í Chicago var ég í um það bil þrjár vikur í þessari ferð og sýndi góða framför. Þegar ég útskrifaðist af sjúkrahúsinu þurftum við að vera á hoteli eina nótt áður en við gætum tekið flugið heim.



Myndir og gögn með greininni eru varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Sú nótt var mjög eftirminnileg þótt skrítið sé. Það var bankað harkalega á hurðina okkar og ég man hvað það hræddi mig en Ingibjörg sagði þetta bara vera fullan karl að ruglast eitthvað og við sinntum þessu engu. Þá fórum við með bænir og ég ákvað þessa nótt að þegar ég yrði stór ætlaði ég að eignast mann sem átti að heita Magnús og hann mátti ekki drekka vín. Svo ætlaði ég að eignast stúlku sem ég skírði Ingibjörg R. Magnúsdóttir. Það getur ekki allt ræst sem barnshugurinn planar hef ég komist að og er það vel.

Það er gaman að segja frá því að það var stofnaður sjóður út frá þessari söfnun minni sem nefnist

Utanfararsjóður sem nú er til og nokkrir hafa notið góðs af.

Sléttum 40 árum eftir þessa aðgerð var ég send í aðra opna hjartaaðgerð, þá 45 ára, til þess að klára það sem ekki var hægt að gera þarna 1966. Þessum meðfædda hjartagalla fylgir alltaf lokugalli sem var lagaður og sett stálloka í staðinn. Þá var ég orðin mjög veik. Ýmiss inngríp hafa átt sér stað síðan þá til að mynda var gangráður settur í mig 2015. Svo ekki get ég verið annað en þakklát fyrir það sem ég er og allt samfélagið sem að mér stendur, því ekki átti ég von á að fá öll þessi ár og er ég virkilega sátt við Guð og menn í mínu lífi.“

Foreldrar Önnu og systkini voru heima meðan á þessu öllu stóð, eins og fram kom í frásögn Önnu, og blaðamaður spurði hvernig hefði gengið að koma upplýsingum yfir hafið á þessum tíma. Þau fengu sent skeyti um að allt hafi gengið vel, það var svo dýrt að senda skeyti. Eins náði Ingibjörg að senda þeim sendibréf. Anna heldur að enginn hafi í raun búið við að hún kæmi til baka er merkilegt að hún skyldi hafa lifað flugið af því hún var orðin svo rosalega veik. „Bringubeinið fyllti út í allar flíkur það var svo mikill þrýstingur frá hjartanu.“

Gledileg jól & farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða





NORDIC NUTRITION
PROTIS

LÉTTARI LIÐIR


Undraefni fyrir liði,
brjósk og bein



partur
af lífinu

Protis fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverstun og stórvörumarkaði,
einnig á www.protis.is og www.protis.kavita.is

Vinsælasta jólagjöfin



er líka sú einfaldasta

Gjafakort Arion



Kökupáttur JólaFeykis

Saumaklúbbur Viðvíkursveitar og nágrennis

Það gengur stundum dálítið mikið á

UMSJÓN

Klara Björk Stefánsdóttir

JólaFeykir hafði samband við saumaklúbb Viðvíkursveitar og nágrennis til að kanna hvort klúbbfélagar væru til í að sjá um kökupátt blaðsins.

Þær slógu til og koma með uppskriftir að alls konar góðgæti sem væri tilvalið að sletta í form fyrir jólin eða bara hvenær sem er því oft langar mann einfaldlega í eitthvað gott. Fyrst Feykir fékk þær í þetta verkefni tóku þær forskot á sæluna og héldu jólaklúbbshittinginn snemma í ár. Þær skreyttu, bökuðu og fóru í sparigallann og áttu gott kvöld saman. Við spurðum þær hvernig saga klúbbsins byrjaði og hverjar þessar skvísur eru og hvað þær brasa saman.

Saumaklúbburinn var stofnaður, að þær telja, árið 1996 í gömlu Viðvíkursveitinni og nágrenni. Klúbburinn hefur tekið nokkrum breytingum þegar konur hafa flutt úr héraði og í hérað en ævinlega hefur þess verið gætt að í honum væru sérlega skemmtilegar konur. Þær sem lengst hafa verið í klúbbum eru því að nálgast þrjátíu ár af saumaskap en þær „yngstu“ hafa verið í klúbbum í 14 ár.

Í klúbbum eru nú átta dómur; Klara Helgadóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Helga Sjöfn Helgadóttir, Kristvina Gísladóttir, Álfhildur Leifsdóttir, Sigríður Fjóla Víktorsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir og Laufey Leifsdóttir. Þær reyna að hittast ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann og fara við og við í skemmtiferðir um styttri og lengri veg, innanlands sem utan.

Hápunktur ársins í þessum saumaklúbbi er þó jólaklúbburinn þegar þær fara í pakkaleik. Þá er betra að ekki séu fleiri staddir í sama húsi því það gengur stundum dálítið mikið á!

*Sigríður Fjóla Víktorsdóttir***TOBLERONE-HÁTÍÐARÍS**

6 egg
6 msk. sykur
100 g Toblerone, brætt
3 pelar rjómi (7 dl)
200 g Toblerone, saxað

Aðferð:

Aðskiljið eggjarauðurnar frá hvítunum og þeytið þær vel með sykrunum. Blandið brædda Toblerone-súkkulaðinu saman við eggjabykknið. Þeytið rjómann og setjið hann saman við, ásamt saxaða Toblerone-súkkulaðinu. Stífþeytið að lokum eggjahvíturarnar og blandið þeim varlega saman við með sleikju eða sleif. Það getur einnig verið gott að bæta 2–3 msk af Kahlúa-líkjör út í ísblönduna. Setjið ísblönduna í form og frystið fram að framreiðslu.

*Klara Helgadóttir***DAIM-TERTA**

3 eggjahvítur
2 dl sykur
1 dl möndlur

Bakað í 20–30 mínútur við 180°C.

Krem:

5 dl þeyttur rjómi
6 eggjarauður
150 g sykur
2 stór daim

Sett á kalda kökuna og hún svo fryst.

*Sigurlína Hrönn Einarsdóttir***STÖKKAR PÚÐURSYKURS-KÖKUR**

300 g hveiti
320 g sykur
110 g haframjöl
60 g kornflex
150 g mjúkt smjör eða smjörlíki
100 g púðursykur
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. matarsódi
1 tsk. salt
1 tsk. vanilludropar
2 egg

Aðferð:

1. Hrærið smjör, sykur og púðursykur létt og ljóst.
2. Setjið dropana og egg, eitt í einu, og hrærið vel.
3. Purrefnin sett út í og hrært.
4. Rúllið deiginu í litlar kúlur, setjið á plötu með gott bil á milli.
5. Bakið við 175°C í 8–10 mín.



Kristvina, Álfhildur, Sigurlína, Klara, Laufey, Helga Sjöfn, Fjóla og Sigríður, prúðar og sætar í sparigallanum við veisluborðið sem þær töfðu fram. AÐSENDAR MYNDIR



Elfhildur
Leifsdóttir

JÓLASKINKUPÆ

Botn:
3 dl hveiti
100 g smjörlíki
2 msk. kalt vatn

Aðferð:
Hafið smjörlíkið við stofuhita og myljið saman við hveitið. Þegar þetta hefur blandast vel saman eru settar 2 msk. af köldu vatni þannig að hægt sé að hnoða deigið saman. Setjið deigið þétt í botninn á eldföstu formi og ýtið því upp á kantana. Píkið í deigið með gaffli. Forbakið á 180°C í 10 mín.

Fylling:
Skinka (gott að nota afganga af hamborgarhrygg eða jólaskinkunni)
smjörsteiktir sveppir
3 dl rjómi
3 egg
150 g rifinn ostur
salt og pipar

Aðferð:
Hrærið egg og rjóma saman. Blandið rest saman við, hellið yfir forbakadan botninn og setjið í ofn í 25–30 mín við 180°C. Mjög gott að bera fram með hrísgrjónum, maís og góðu salati.



Laufey
Leifsdóttir

HÁLFMÁNAR HELGU SIGURÐAR

250 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
¼ tskl hjartarsalt
½ tskl kanill
100 g smjör/smjörlíki
125 g sykur
1 egg
1–2 msk. koníak/mjólk
rabarbarasulta og sveskjusulta
til helminga

Aðferð:
Purrefnum blandað saman og smjör eða smjörlíki mulið saman við. Vætt í með egg og koníaki og hnoðað þar til deigið loðir vel saman. Deigið sett í kæli og geymt í a.m.k. klukkustund eða jafnvel yfir nótt. Deigið flatt út og mótaðir litlir hringir með glasi. U.þ.b. hálf til ein teskeið af sultu sett á hvern hring og þeim lokað vel með því að þrýsta fingrum á brúnirnar eða með gaffli. Bakað við 190°C þar til hálfmánarnir eru farnir að taka aðeins lit.



Helga Sjöfn
Helgadóttir

KURLTOPPAR

3 eggjahvítur
200 g púðursykur
300 g súkkulaðihjúpað
lakkrisurl

Aðferð:
Þeytið saman eggjahvítur og púðursykur. Blandið lakkrisurlri varlega saman við. Setjið með teskeið á plötu í litla toppa. Bakað í 15–20 mín. við 150°C.



Sigríður
Gunnarsdóttir

RÚGBRAUÐ (UPPRUNI ÓVISS)

6 bollar rúgmjöl
3 bollar heilhvæiti
4 ½ tsk. matarsóti
475 g (dós) síróp
1 ½ l súrmjólk
2 msk. hunang (má sleppa)

Aðferð:
Öllu grautað saman og bakað í litlum steikarpotti við 100°C í 6 ½ klst. eða yfir nótt.

SÍLDARSALAT
2 græn epli
4 harðsoðin egg
½ laukur
1 krukka marineruð síld
lítil dós af léttmajónesi
2 tsk. karrý eða eftir smekk
jurtasalt eftir smekk

Aðferð:
Eplin skræld og brytjuð, laukurinn saxaður mjög smátt ásamt eggjum og síld. Öllu blandað vel saman og smakkað til. Geymist í nokkra daga í ísskápnum.



Kristvina
Gísladóttir

KÖRNFLEX- KÖKUR

100 g smjör eða smjörlíki
1 dl sykur
1 dl púðursykur
1 egg
2 dl hveiti
2 dl kornflex
2 dl haframjöl
1 dl kókosmjöl
½ tsk. matarsódi
¼ tsk. salt

Aðferð:
Smjör, sykur og egg þeytt vel saman, hinu bætt saman við og hnoðað. Myndið kúlu, raðið á ofnplötu og þrýstið létt á í lokin. Bakað í ofni við 180 gráðu hita. Brætt súkkulaði sett ofan á hverja köku og þeir sem vilja og eru ekki Álftagerðis geta skreytt kökurnar með hálfri möndlu.





Kjötafurðastöð

*óskar viðskiptavininum nær og fjar
glæðilegra jóla og farsældar á nýju ári*



Skagafjarður

óskar íbúum Skagafjarðar og landsmönnum öllum
glæðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Rabb-a-babb oli@feykir.is

Finna Birna Finnsdóttir | Blönduósi

Slakar á við að horfa á körfubolta

Það er Finna Birna Finnsdóttir, árgangur 1990, sem svarar Rabbí JólaFeykis. Hún er í sambúð með Hjálmari Þór Aadnegard og eiga þau þrjú börn; Þórólf Óla 6 ára, Björn Inga 4 ára og Áslaugu Maríu sem er eins árs. Þegar Finna Birna svaraði Rabbíninu í október þá bjó fjölskyldan á Blönduósi en stefndu á flutning í sveitina.

„Ég er frá Köldukinn í Austur-Húnavatnssýslu,“ svarar Finna Birna þegar hún er spurð hvaðan hún sé, hverra manna og hvað hún sé að gera. „Foreldrar mínir, Finnur Karl Björnsson og Jóhanna Lilja Valtýsdóttir, keyptu jörðina árið sem ég fæddist en áður voru þau í Skagafirðinum. Ég er því alin þar upp og er næst yngst fjögurra systkina,“ segir hún og bætir síðan við að hún vinni við að kenna yndislegum snillingum í Leikskóla Húnabyggðar.

Hvað er í deiglunni? Jahá, ég held að það hafi aldrei verið jafn mikið að gera hjá okkur eins og akkurat núna. Við erum sem sagt nýbúin að kaupa okkur jörð í fullum búrekstri og erum búin að vera á fullu í haustverkum í sveitinni ásamt því að læra á nýtt umhverfi, halda heimilislífinu, rómantikinni og geðheilsunni gangandi og vera í vinnu. Við erum ekki ennþá flutt því við þurfum aðeins að taka íbúðarhúsið í gegn áður en við flytjum og erum að grípa í það svona inni á milli.

Áður en við hefjum yfirheyrsluna þá er rétt að rifja aðeins upp hvað gekk á árið sem Finna Birna fæddist. Áætlað var að um 4,4 milljarðar manna hefðu búið á jörðinni okkar þetta ár. Kommúnistaflokkurinn í Sovét fór frá völdum, Nelson Mandela fékk frelsi eftir 27 ár í fangelsi og Margret Thatcher sagði af sér sem forsætisráðherra Breta. Á Íslandi var vaskurinn tekinn upp í stað söluskatts, Söngkeppni framhaldsskólanna var haldin í fyrsta sinn og útvarpsþátturinn *Party Zone* hóf göngu sína á útvarpsstöðinni Útrás – man einhver eftir honum? Samkvæmt áreiðanlegum heimildum var vinsælasta lag ársins *Nothing Compares 2 U* með Sinead O’Conor. Vinsælustu bíómyndirnar voru *Ghost*, *Pretty Woman* og *Home Alone*. Góðir tímar.

Hvernig nemandi varstu? Held ég hafi bara verið frekar



Finna Birna og fjölskylda..
AÐSEND MYND

samviskusamur og góður nemandi.

Hvað er eftirminnilegast frá fermingardeginum? Sko, ég man allavega ennþá eftir matnum og því umstangi. Þabba mínum finnst lúmskt gaman að halda veislur og það er ekki veisla nema sé almennilegur matur og helst margréttað og það var það svo sannarlega í þessari veislu.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Kennari og tamningakona.

Hvert var uppáhalds leikfangið þitt þegar þú varst krakki? Rauða Winther Mini Viking þrífjólíð mitt með palli.

Hvert er uppáhalds leikfangið þitt í dag? Er búin að uppfæra Winther mini viking hjólíð og fá mér fjórhjól.

Besti ilmurinn? Hestalyktin og ilmurinn af nýslegnu grasi.

Hvar og hvenær sástu núverandi maka þinn fyrst? Kynntumst þegar við vorum krakkar og fyrsta minningin af honum er þegar við vorum að reka hrossin úr hrossahólfinu frá Hrafnabjörgum og í Auðkúlurétt.

Hvað varstu að hlusta á þegar þú fékkst bílprófið? Muse og bara alls konar.

Hvernig slakarðu á? Já, einmitt... ætli ég slaki ekki best á bara þegar ég sef. En annars finnst mér voða kósý að leggjast í sófann og horfa á körfubolta og ýmislegt honum tengt.

Hvaða seríu varstu síðast að hámhorfa? Byrjaði á Dimmu og er að vinna mig í gegnum hana.

Hvaða bíómynd var í mestu uppáhaldi þegar þú varst unglingur? Til dæmis man ég eftir *10 Things I Hate About You*.

Hvaða íþróttamanni hefurðu mestar mætur á? Sko, það er svo ótrúlega mikið af flottu íþróttafólki til og ég gæti nefnt marga, en mig langar til þess að nefna körfuboltamanninn Kristinn Jónasson en fyrir utan að vera flottur körfuboltamaður stofnaði hann körfuboltaliðið Haukar Special Olympics og er ætlað börnum með fötlun.

Hvað gerir þú betur en allir

aðrir á þínu heimili? Tek eftir og man hvar hlutir eru settir. Svo reyndar hlýt ég að vera best í að elda og þrifa því ef ég geri það ekki þá gerir það enginn. Fæ reyndar að heyra það stundum frá manningum mínum að hann vilji bara leyfa mér að sinna mínu áhugamáli því ég valdi að mennta mig í að elda og þrifa – ég fór sem sagt í Hússtjórnarskóla.

Hvert er snilldarverkið þitt í eldhúsinu? Örugglega bara flest sem ég geri þar – nema raða í uppþvottavélina.

Hættulegasta helgarnammið? Ég borða mjög lítið nammi en er þínu veik fyrir Siríus súkkulaði með Trompbitum.

JólaRabb

Hvaða jólagag er ómissandi á aðventunni? Ef ég nefni svona tiltölulega nýlegt lag þá er það *Styttist í það* með Baggalút en svona lag sem er algjörlega jólaþema fyrir mér er *Ó, helga nótt*. Það er svo fallett og snertir við mínu jólahjarta.

Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið? Held að það sé bara fyrsta jólagjöfin sem Hjálmar gaf mér og hún er kannski eftirminnileg af því að hann er ekki mikill jólagjafakall og finnst alls ekki gaman að finna og kaupa gjafir. En þarna panikkaði hann all svakalega og svona korter í jól fór hann í Lífland og keypti alveg slatta í pakkann. Þetta var mjög fallett af honum en alveg frekar mikið og eftir á sagði hann að þetta hefði verið jólagjöf næstu ára og við erum ennþá að hlæja að þessu. Við breyttum svo aðeins jólagjafahefðinni okkar eftir þetta.

Hvaða jólabakkelsi er númer eitt? Lagtturnar hjá mömmu minni. Hún hefur frá því ég man eftir mér gert brúna og hvíta lagturtu og ég hef aldrei lagt í að gera þær eins og mamma gerir. Þetta er bara eitthvað í jólahefðinni og ég hef vinsamlegast beðið hana um að sjá bara um þær.

Hvernig er eggíð best? Þau voru alltaf langbest hjá Imbu ömmu. Brauð með eggí hjá henni var það besta. Ætli hún hafi ekki soðið þau með dass af ömmuást.

Hvað fer mest í taugarnar á þér í fari þínu? Ópolinmæði (hún erfist víst) og svo á ég það til að ofhuga ýmislegt.

Hvað fer mest í taugarnar á þér í fari annarra? Óstundvísi – ef síendurtekin – og hroki.

Uppáhalds málsáttur eða tilvitnun? Er ekki flott fyrir mig að segja bara: Polinmæði þrautir vinnur allar!

Hver er elsta minningin sem þú átt? Gömul og sköndin minning er allavega þegar ég var lítil og var í reiðtúr með fjölskyldunni og Áslaug systir teymir undir mér. Svo allt í einu dettur beislið af hestinum mínum og hesturinn ákveður að snúa við og fara bara heim. Ég var nú alveg þínu smeik en náði að halda mér á baki.

Þú vaknar einn morgun í líkama frægrar manneskju og þarft að dúsa þar einn dag. Hver værirðu til í að vera og hvað myndirðu gera? Sverrir Bergmann og væri að syngja á þjóðhátíð. Svo myndi ég negla það niður að hann kæmi í brúðkaupið mitt og myndi syngja bara just for the fun of it.

Orð eða frasi sem þú notar of mikið? Kannski ekki of mikið en mikið nota ég: Æfingin skapar meistarann.

Hvaða þremur persónum vildirðu bjóða í draumkvöldverð? Friðrik Ómar, Jógvan og Eyþór Ingi kæmu alveg til greina, held að það yrði stuð og stemning.

Ef þú gætir farið til baka í tímann, hvert færirðu? Sko, ég væri alveg til í að verða bara barn aftur í sveitinni að vori, að leika mér með yngri systur minni að drullumalla t.d. og vera gott sem áhyggjulaus.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni? Ópolinmóði ofhugsarinn og ævintýrin hennar.

Framlenging

Ef þú gætir hoppað upp í flugvél og réðir hvert hún færi, þá færirðu... í draumaland að sjá Arsenal vinna Meistaradeild Evrópu.

Nefndu eitthvað þrennt sem þér finnst þú mega til að gera áður en þú gefur upp öndina: Það er kannski sterkur leikur að giftast svona upp á ýmislegt, svo langar mig að fara með elsta syni mínum á Liverpool leik og svo gæti ég gefið upp öndina þegar ég væri búin að ná að vera með aforðahæsta sauðfjárbúið í A-Hún.



Úr fortíðinni Þórhallur Ásmundsson skrifar
Sannsöguleg jólasaga með skáldlegu ívafi

Þegar jólasveinarnir komu í Fljótin

Sagan gerist á sjötta áratug liðinnar aldar í Flókadal. Margt gerðist á jólaföstunni þetta ár. Eftir óþurrkasumar hitnaði í heyjum bænda, í skólanum voru strákarinn með uppsteit, séra Guðmundur reyndi að milda málin með góðri kristni-fræðifræðslu, Simbi bóndi á Vestari Hóli aðal klipperinn í sveitinni var kominn með ráðskonu sem mörgum leist vel á. Dagblaðið Tíminn var keyptur á hverjum bæ í sveitinni og það brá svo við fyrir þessi jól að blaðið birti jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum myndskreytt af Tryggva Magnússyni. Þessar skemmtilegu vísur og myndir höfðu nánast verið ófánlegar á prenti síðan þær komu fyrst út í bókinni Jólin koma 1932. Börnin tóku því Tímanum einkar fagnandi og biðu þess spennu að pósturinn kæmi með nýjar vísur og myndir. Jólasveinarnir voru komnir í Fljótin. Fyrir kom að þeim sást bregða fyrir í skugga fjóss- eða hlöðuveggja, í giljum og leitum og einhverjum fannst þeir gera sig heimakomna með því að guða á glugga.

Veturinn settist snemma að í þessari snjópungu sveit. Það muggaði flesta daga og fram í dalnum sáust ljóstírnar á bæjunum varla. Þessir fremstu bæir eru að austanverðu Stóru- og Minni-Reykir og Austari-Hóll. Að vestanverðu Neskot, Nes, Sigríðarstaðir og Vestari-Hóll.

Á Austari-Hóli er tvíbyli. Í syðri bænum búa afinn og amman, Frímánn og Jósefína, og í norðari bænum sonur þeirra Ásmundur og kona hans Ólöf ásamt börnum sínum. Hjá afa og ömmu elst upp þessi misserin dóttursonurinn Kjartan Gústafsson, sem er jafngamall elsta barninu í norður bænum Frímánni sem jafnan er kallaður Lilli. Það er fimmta barnið í aldursröð systkinanna í norður bænum sem segir söguna, Þórhallur, kallaður Þóri.

Gluggarnir eru þaktir frostrósum. Ég er að reyna að sjá út um eldhúsgluggann með því



Bændur í Flókadal á leið heim með varning úr Haganesvík. Mynd frá Kristbjörgu Bjarnadóttur í Ókrum

að blása á glerið og nú með höndunum, þetta gengur seint, en betur þegar mamma kemur að hjálpa mér. Ég hlakka óskaplega til jólanna. Núna eru eftir allir fingur á annarri hendinni og fjórir á hinni, mamma segir að það séu níu. Heimilisfólkið sagði í gær að nú gætu jólin komið. Þá var stór dagur. Amma kom heim af sjúkrahúsinu. Hún var búin að vera veik frá því í haust á sjúkrahúsinu á Siglufirði. Amma kom með bátinum í Haganesvík og þar sett á hestasleða sem Grána gamla sá um að koma heim í talsverðri ófærð, sagði fólkið. Mér fannst þær þreytulegar Grána og amma sem lá dúðuð á sleðanum. Ég flýtti mér þegar þær komu í hlaðið og féll í faðminn á ömmu. Mér fannst eins og hún ætlaði að gráta. Hún var svo glöð að vera

komin heim. Ég vildi vera lengur hjá ömmu eftir að hún var komin inn í bæ, en fékk það ekki. Pabbi sagði að amma þyrfti að hvíla sig. Þú mátt koma í kvöld og ég skal gefa þér Malt eða Vallash, hvíslaði amma að mér. En það brást, mamma og pabbi vildu ekki leyfa mér að fara í suðurbæinn og ég lagðist grátandi á koddann.

En nú mátti ég fara í syðri bæinn, morguninn eftir. Ég hljóp í fangið á ömmu og hrjúfaði mig að henni. Óskaplega er ég búinn að sakna þín. Þarft þú nokkuð að fara á sjúkrahúsið aftur, sagði ég. Nei vonandi ekki ljúfurinn. Heima er best og nú ætla ég að fara að baka svo það verði til brauð á jólunum. Hérna er svolítið Malt handa þér og svo hefurðu kannski gaman af að

skoða blöðin. Eiríkur á Stóru Reykjum kom með póstin í morgun, sagði amma. Já það er gaman að skoða jólasveinana í Tímanum og Kjarri (Kjartan) hefur lesið vísurnar fyrir mig. Hann segist hafa séð jólasveinana. Giljagaur hafi verið norðan við Hjallhólinn um daginn og Stúfur hafi verið að renna sér á sleðanum mínum. Það hefði verið gaman að renna sér með honum. En amma hvar eru karlarnir. Afi lagði sig en Addi (Ásmundur) og Lilli eru að gefa fénu. Kjarri fór með Bjössu í Nesi til Simba á Vestari Hóli í klippingu. Kjarri var hjá okkur á Siglufirði um daginn, þegar Lilli og Nonni fóru í jólaklippinguna.

„Amma, ég held að afi sé búinn að sakna þín mikið, hann er búinn að vera svolítið sorgmæddur.“

„Já, Þóri minn, það er nú

bara þannig að það fylgir jólunum hjá okkur eins yndæl og þau eru, skuggi alveg frá því að nafni þinn dó hérna í fjallinu fyrir ofan á rjúpnaveiði. Síðan þá hrekkur afi við, við hvern skothvell og er hræddur um fólkið sitt, ekki síst ykkur börnin. Það eru snjóflóðin sem hann er hræddur við.“

Ring ring ring, nú hringir síminn allt í einu. „Guð minn góður, það er samhringing, hvað hefur nú gerst,“ sagði amma. Nú kemur afi rjúkandi inn á ganginn þar sem síminn er. „Já, hvað gerðist,“ sagði afi, „Já, kviknað í hlöðunni á Stóru Reykjum. Já, piltarnir koma,“ sagði afi. Í sama mund er útihurðinni hrundið upp. Pabbi og Lilli voru komnir úr húsunum. „Það er kviknað í hlöðunni á Stóru Reykjum, skíðin eru í geymslunni,“ sagði afi hraðmæltur. Það þyrfti ekki frekari orð. Ég flýtti mér að eldhúsglugganum, sem var orðinn þýður frá bakaraofni ömmu. Ég hafði aldrei séð pabba svona snöggan að spennu á sig stóru skíðin og Lilli greip þau minni. Afi fylgdist líka með, það var áhyggjusvipur á honum. „Þessi tími leggst alltaf illa í mig, það er allt miklu erfiðara þegar veturinn er sestur að með kulda og snjó.“

„Jæja, það er ekki hægt að festa sig við það,“ sagði afi. „Amma með heitt í ofninum og stutt til jóla. Mér fannst þau reyndar vera komin í gær



Jósefína Jósefsdóttir og Frímánn Viktor Guðbrandsson. Myndir: HSK.

þegar amma kom heim. En ljúfurinn, varst þú að skoða jólasveinana í Tímanum og kannski Ferdinand í Mogganum?”

„Já, hann er líka skemmtilegur afi. Afí er það satt sem pósturinn segir að það sé fólkíð í söfnuðinum sem kaupir Moggann en fram-sóknarmennirnir Tímanna?”

„Já, ætli það sé ekki rétt hjá honum,” sagði afi.

„Afi, er það þá kannski þannig, fyrst þú segir að Guð sé alltaf með okkur, að Guð sé kannski að skoða Ferdinand með mér og kannski jólasveinana líka?”

„Já það skyldi nú bara vera,” sagði afi og hló niður í yfirvara skeggið. „En ansi er að verða heitt herna, það veitir ekkert af því að opna aðeins,” sagði afi, gekk að glugganum og leit út. „Nei hvað haldiði að ég sjái. Kjarri og Bjössu eru að koma yfir ána hjá Eyrnum og mér sýnist Grímsi í Neskoti vera að koma sunnan að, vitaskuld að ná í mjólkina, hún er víst að verða geld kýrin í Neskoti.”

„Gott að Kjarri er að koma hann les þá fyrir mig jólasveinavísurnar,” segi ég og lít til ömmu sem er að fletja út brauð á eldhúsbekknunum. Nú heyrir þrusk við skúrðyrnar. Piltarnir eru að stappa af sér snjónum. Í þessum bættist Grímsi í hópinn. „Það er seinlegt að labba þetta lausfóta. Ég hefði verið fljótari á Blesa mínunum, en það á bara eftir að járna hann,” sagði Grímur.

„Já, ég átti nú bara nóg með að fylgja sporunum hans Bjössu, það er meira hvað hann stíkar, þeir fara ábyggilega ekki hraðara yfir jólasveinarnir,” sagði Kjarri. „Æi, þið eruð nú óttalegir jólasveinar sjálfir,” segir Grímsi og skellihlær.

„Ég heyri að það er létt yfir ykkur og það er gott. Setjist nú, það er að renna á könnuna og ég er að steikja hér soðbrauð sem ábyggilega verður gott með kaffinu,” segir amma. Afí er líka sestur við borðið og blandar sér í spjallið. „Nokkuð að fréttu af heybrunum á Stóru-Reykjum?”

„Rafn frétti það frá Laugu í Haganesi að þetta hefði sloppið vel, það er víst svolítil spölu frá brunnum í hlöðuna en menn voru röskir að handlanga föturnar mann frá manni. Þetta sagði Rafn,” sagði Grímsi. „Sáuð þið þá kannski til piltanna okkar, Adda og Lilla?” sagð afi. „Já, þeir voru

að koma yfir Leitið frá Reykjum þegar við vorum að fara yfir ána. Það eru varasamar vakir á henni núna,” sagði Bjössu í Nesi. „Já, minnstu ekki á það,” sagði Grímur.

Og nú birtast þeir á skíðunum á hlaðinu Austari Hólsmenn, Addi og Lilli, með sithvora fötuna og stafinn eins og þeir fóru. Von bráðar voru þeir komnir inn í eldhúsið og sestir að dekkjuðu kaffiborðinu.

„Það var alveg ævintýri líkast hvað þetta gekk vel. Ég átti alveg fullt í fangi að fylgja þessa eftir á skíðunum, hef aldrei séð hann renna svona hratt. Og svo gengu föturnar hratt mann frá manni og þetta tók enga stund að slökkva í heynu. Eiki sagði að það hafi verið háin sem hitnaði svona í,” sagði Lilli. „En strákar, var ekki gaman að fara í Vestari-Hól. Er ekki Simbi ánægður með ráðskonuna?” hélt Lilli áfram.

„Jú, hann má alveg vera það, hún er ansi álitleg finnst mörgum. Ég hef heyrt að þú sért einn af þeim sem rennir til hennar hýru auga,” sagði Kjarri glettislega og leit til Grímsa. „Æi, ég kann nú ómögulega við það, hann er búinn að klippa mig svo oft.” Við þetta skemmtilega svar Grímsa braust út dynjandi hlátur í eldhúsinu.

Nú fannst afa að hann þyrfti að blanda sér í umræðuna og beindi máli sínu til Adda, Ásmundar sonar síns, og Grímsa. „Ég veit ekki hvað við eigum að gera í þessu með strákana, þeir eru víst svo baldnir við Auðunn Braga kennara. Eiki á Stóru-Reykjum, sem alltaf er næmur á það skoplega, hafði heyrt að um daginn þegar séra Guðmundur var að fara yfir boðorðin í kristnifræðitíma og komið var að boðorðinu, *elska skaltu náunga þinn eins og sjálfan þig*, þá hafi Kjarri velt vöngum og sagt. „Æi, aldrei held ég að ég geti elskað Auðunn Braga.” „Og þó það nú væri,” sagði séra Guðmundur í einlægni sinni.“ Og aftur var hlegið dátt og enginn hló eins og Grímur. „Já þó það nú væri, þó það nú væri,” sagði sérann og um leið þáði Grímur í nefið frá Ásmundi.

„Auðunn Bragi sagði við mig að hann sæi ekki annað en hann þyrfti að fara í Austari-Hól og ræða við afa og ömmu, ég væri svo óþekkur. En ég sagði, endilega gerðu það. Þér verður boðið í kaffi og lum-



Þorgrímur Bjarnason, Grímur í Neskoti. Mynd: Sverrir Jónsson

ur,” sagði Kjarri og aftur var hlegið. „Ég hugsa að Þráinn, skólabróðir Kjarra, mæli ekki með svo góðum móttökum í Neskoti eins og honum er í nöp við kennara sinn. Það er eins víst og ég heiti Grímur og hesturinn minn Blesi.”

Næsta morgun var ég snemma á fótum. Ég var vanur að leika mér einn. Allir voru enn í fastasvefni þegar ég læddist út. Mér fannst þetta fallegur morgun og um að gera að fara upp í brekkurnar þar sem styrndi á snjóinn í frostinu og morgunskímunni. Ég tók sleðann við geymsludyrnar og rölti norður í holtin fyrir ofan fjárhúsin. Ég var í eigin heimi og skemmti mér við að renna hverja ferðina á fætur annarri, þegar allt í einu heyrðust háreysti heiman frá bænum. Það bar ekki á öðru en fólkíð væri komið á fætur.

Ég varð bæði undrandi og hræddur. Af hverju voru allir svona æstir og með þessi læti. Ég heyrði afa segja: „Þetta gengur ekki, drengurinn gæti farið sér á voða, eins og vakirnar eru hættulegar á ánni núna“ Mér til skelfingar sá ég að afí var bæði hræddur og reiður þegar hann þreif af mér sleðann. Ég brást í grát og hljóp til þessa, sem klappaði mér á kollinn og sagði: „Þóri minn, þú mátt ekki fara svona einn, þetta er hættulegur leikur.“ Svo gengum við heim að bænum, ég mjög sár og leiður og mér fannst Gunna systir, sem var aðeins eldri en

ég, vera það líka. Þegar við vorum komin heim á hlaðið, var afí kominn út með sleggjuna. Þá var okkur Gunnu öllum lokið, því hann var að brjóta sleðann í eldinn, það vissum við.

Ég var óskaplega hnugginn það sem eftir var dagsins. Ég var lengi vakandi eftir að mamma breiddi ofan á mig sængina um kvöldið. Ég heyrði að mamma og pabbi voru eitthvað að hvíslast á um það sem átti að kaupa í Víkinni morguninn eftir. En svo kom Óli lokbrá og fylgdi mér inn í draumalandið.

Það var komið svolítið fram á dag þegar ég vaknaði. Ég var enn með stýrurnar í augunum þegar pabbi kom úr Víkinni með stóra hestasleðann og Gránu. Þeir voru með honum, Páll í Nesi og Rafn í Neskoti. Sleðinn var fullur af varningi til jólanna og jólapökkum. „Það er eins og jólin séu bara komin, ég ætla að lygna aftur augunum og þá sé ég kannski hreindýr í stað Gránu og jólasveina í staðinn fyrir ykkur,” sagði ég. „Já, þú ert greinilega búinn að ná gleði þinni á ný, litli jólasveinn,” sögðu þeir Rafn og Páll nær sama rómi.

Það tók ekki langan tíma fyrir kallana að bera varninginn inn í bæ. Nú fylltist bærinn af jólailm. Það var eplalyktin, þessi bragðgóði ilmur sem fyllti bæina einu sinni á árinu, fyrir jólin.

Þessi fáu dægri til jóla liðu

hratt. Á þorláksmessukvöld var komið að jólabaðinu, það var eina baðið á árinu. Þvottaballinn stóri var baðkarið. Þá var fjór í kringum fóninn hjá okkur yngri bræðrunum.

Nú var spennan að ná hámarki. Yngstu strákarnir, Jobbi og Kiddi, voru fljótir að sofna, en Öddi, ég og Gunna vorum að hvíslast á og gátum lengi vel ekki sofnað fyrir spennungi. Þau eldri, Þórey, Jón og Frímanna, ætluðu að hjálpa til að skreyta eftir að við værum sofnað.

Aðfangadagsmorgunn var runnin upp. Það voru margir pakkar komnir undir jólatréð í litlu stofunni. Þar á meðal stór pakki frá allri fjölskyldunni til okkar Ödda. Aðfangadagurinn var óralengi að líða. Klukkan hringdi jólin inn þegar jólamessan byrjaði í útvarpinu. Þá var jólasteikin komin á borðið. Nú var ekki rjúpa lengur á borðum, heldur lamb.

Spennan náði hámarki þegar komið var að því að opna pakkana. Við Öddi vildum ólmir opna stóra pakkann fyrst. Það var látið eftir okkur. Innan úr þessum miklu umbúðum kom flunkunýr sleði, með meiðum og rimlum ofan á úr tré en grindin úr járn. Ekki svo auðvelt að brjóta þennan sleða. „Þið bræðurnir verðið að fara varlega á þessum sleða,” var sagt við okkur.

Sleðinn var það sem stóð upp úr af jólagjöfum þessi jólin. Á jólavöldinu og jóladag fengu við, epli, blandaða ávexti, súkkulaði og kökur, hangikjöt og aðaljólasælgætið, sem voru kókoskúlurnar frá Dolly vinkonu mömmu, en Jón maðurinn hennar var bakari.

Mörgum áratugum seinna sagði Þóri (Þórhallur) afa-stelpunni sinni, henni Indíönu Sól, sleðasöguna. Hún vildi heyra söguna aftur og aftur. Þá var Indíönu Sól fjögurra ára. Aftur og aftur spurði hún hvort ég hefði ekki grátið þegar afí braut sleðann. Einu sinni spurði hún hvað ég hefði þá sagt. „Hvað ég hafði sagt, maður var svo lítil og vitlaus,” sagði ég. „En afí, varstu ekki með heila þá?” sagði sú stutta.

Núna er langt síðan að eitt-hvað líf var á fremstu bæjunum í Flókadal um jólaeytið, enda fremsti hluti dalsins kominn í eyði. Þar er ekki búíð lengur. Jólasveinarnir vitja því ekki barna þar lengur.



sígilt útlit

Sérsmíði innréttinga og faglegur metnaður hefur verið aðalsmerki okkar um árabil.

Vandaðar skúffubrautir, lamir og þykkar kantlímingar eru aðeins nokkur af einkennum okkar.

Við framleiðum gæðainnréttingar þar sem sígilt útlit og vönduð vinnubrögð fagmanna eru höfð í fyrirrúmi.



Leitin að réttu lausninni hefst hjá okkur...

Trésmíðjan Borg ehf
Borgarmýri 1 550 Sauðárkrúkur
Sími 453 5170 tborg@tborg.is

TRÉSMÍÐJAN BORG ehf

RÚNALIST GALLERÍ STÓRHÓL

ÓSKARÞÉR GLEÐILEGKA JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.
HITTUMST HEIL.

Opnanir til jóla:
Sunnudaginn 1. des. kl. 13-18
Fimmtudaginn 5. des. kl. 14-22
Fimmtudaginn 12. des. kl. 14-22
Fimmtudaginn 19. des. kl. 14-22
Laugardaginn 21. des. kl. 14-22
Sunnudaginn 22. des. kl. 13-18

Opið aðra daga eftir samkomulagi, S: 823 2441.



www.runalist.is runalist@runalist.is Runalist Gallerí Stórhól Runalist

Gleðileg Jól

Bestu jóla- og nýársóskir til viðskiptavina nær og fjar með þökk fyrir viðskiptin á líðandi ári. Hátíðarkveðjur frá Léttitækni



LÉTTITÆKNI EHF

GLEÐILEG JÓL og farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin á árinu

JólaKveðja



KÞ LAGNIR

Borgarteigur 10 | 550 Sauðárkrúkur

Bók-haldið oli@feykir.is

Hannah Kent | rithöfundur í Ástralíu

Ég myndi gjarnan gefa heiminum bókina *Braiding Sweetgrass*

Bók-halds-þáttur Feykis hefur hingað til haldið sig innan 200 mílnanna en nú tökum við heldur betur snúning á þeirri reglu og bönkum upp á hjá Hönnuh Kent í Suður-Ástralía þar sem hún býr ásamt fjölskyldu sinni. Hannah kom til Íslands snemma á öldinni, nánar tiltekið til Sauðárkróks, sem skiptinemi á vegum Rótarý og heillaðist af landinu og ekki síst sögunum. Sagan um síðustu aftökuna á Íslandi sat í henni og það endaði með því að hún skrifaði bókina *Náðarstund* sem varð óvænt metsölubók á Íslandi og í raun víða um heim.

Náðarstund lifir í raun ótrúlega sterkt í hugum margra þeirra sem hana lásu og má fullyrða að hún sé ofarlega á lista sé fólk spurt út í þeirra uppáhalds bækur. Margir Íslendingar skilja ekkert í því hvernig ung áströlsk stúlka hafi náð að segja þessa sögu þannig að hún lifnaði á ný. Hannah segist hafa starfað við bóksölu þar til nýlega en nú einbeitir hún sér að fullu að því að skrifa og er með nokkur ólík verkefni í gangi.

Hvað hefurðu verið að gera síðan þú gafst út *Náðarstund*? „Margt! Nú er ég gift og á tvö börn, stelpu og strák. Ég hef líka skrifað tvær skáldsögur í viðbót – *The Good People* og *Devotion* – og er nýbúin að afhenda útgefanda mínum fjórða handritið. Ég hef líka unnið sem handritshöfundur. Kvikmyndin mín í fullri lengd, *Run, Rabbit, Run*, var frumsýnd á Sundance kvikmyndahátíðinni árið 2023, í leikstjórn Daina Reid og með Sarah Snook í aðalhlutverki. Ég er líka að aðlaga aðra og þriðju skáldsögu mína fyrir skjáinn. Fyrir utan allt þetta, talsverð garðvinna.“

Hvers konar sögur eru það sem heltaka þig og verða til þess að þig langar að skrifa þær? „Ég laðast að sögum sem hafa spurningu í hjarta sínu. Ég er heilluð af sögum sem snúast um persónur og eru ekki feimnar við flækjur eða mótsagnir. Orðtakið skrifaðu það sem þú veist hentar mér alls ekki. Mér finnst gaman að skrifa um það sem ég þekki ekki. Mér finnst gaman að nota skrifað sem leið til uppgötvunar. Forvitni mín stýrir áhuga mínum. Hvað vantar? Hvað hefur ekki verið sagt? Hvað hefur verið þaggð niður og af hverjum? Hvaða draugar sitja í jadrinum og hvers vegna? Þetta eru spurningarnar sem ég finn venjulega í kjarna sagnanna sem ég laðast að.“



Hannah lengst til vinstri ásamt Rory, Anouk og Heidi. MYNDIR AÐSENDAR

Hefurðu verið að skrifa eitthvað nýverið sem þú getur sagt okkur frá? „Handritið sem ég var að afhenda útgefanda mínum eru reyndar minningar um samband mitt við Ísland! Ég finn fyrir mikilli þakarskuld við Ísland – ég trúir því að það hafi gert mig að rithöfundu. Meðan á Covid stóð, og ég ófær um að ferðast, þá fékk ég mikla heimþrá eftir þessu landi og fólkinu sem ég elska sem býr hér. Að rita þessar minningar var leið til að snúa aftur til Íslands í huganum, fyrst ég komst ekki í eigin persónu.“

Hvaða bækur ertu með á náttborðinu? „Ég var að klára nýjustu skáldsögu Tim Wintons, *Juice*, og er núna að lesa óútkomið eintak af nýrri skáldsögu Charlotte McConaghy, *Wild Dark Shore*. Báðar er þessar bækur einstakar. Í báðum er ekkert skorast undan í lýsingum á afleiðingum loftslagsbreytinga. Næstar í bókabúðunum mínum eru *Kairos* eftir Jenny Erpenbeck og *Childhood, Youth, Dependency* eftir Tove Ditlevsen en báðar bækurnar hef ég lengi ætlað að lesa.“

Hver er uppáhaldsbókin af þeim sem þú hefur lesið gegnum tíðina? „Þetta er ómöguleg spurning. Það eru svo margar bækur sem hafa stuðlað að þeirri manneskju sem ég er í dag. Að

velja eina væri að gera lítið úr hundruðum hinna.“

Hvers konar bækur lestu helst? „Mitt val mun alltaf vera bókmenntaskáldskapur, en ég elska líka að lesa náttúruskrif (uppáhaldshöfundar mínir eru Robert Macfarlane og Robin Wall Kimmerer), og endurminningar. Þegar ég var yngri var ég skotin í hugmyndinni um sjálfa mig sem háleitan lesanda – það hvað ég var alvörugfin gerði mig snobbaða. Nú les ég hvað sem er, svo lengi sem það er gott. Undanfarin ár hef ég byrjað að lesa miklu meiri vísindaskáldskap og fantasíur, fleiri verk um dægurmál. Því meira sem ég skrifa, því meir trúir ég að það gagnist mér að lesa bækur sem eru ólíkar mínum.“

Hvaða bækur voru í uppáhaldi hjá þér þegar þú varst barn og varstu snemma byrjuð að lesa? „Ég man ekki eftir því að hafa lært að lesa en foreldrar mínir segja mér að ég hafi byrjað að lesa þriggja ára. Ég hef alltaf elskað bækur. Sem krakki las ég hvað sem var og ég elskaði ævintýri. Roald Dahl, Enid Blyton og Paul Jennings voru snemma í uppáhaldi. Sem unglingur var uppáhalds skáldsagan mín *Little Women*. Ég hef líklega lesið þá bók hundrað sinnum. Hún veitti mér mikla huggun sem stelpu. Þær systur voru systur mínar.“

Er einhver ein bók sem hefur sérstakt gildi fyrir þig? „Þegar ég fór sautján ára til Íslands sem skiptinemi tók ég með mér eintakið mitt af *Little Women*. Það að hafa hana í ferðatöskunni minni var algjörlega tilfinningalegs eðlis og þessi bók á enn sérstakan stað í bókahillunni minni sem staðfesting á draumunum sem ég átti sem barn. Það eru aðrar bækur, sem ástvinir mínir hafa gefið mér, sem ég tengi sérstaklega við. Meðal þeirra er fyrsta útgáfan af W.H. Auden's *Some Poems* sem bókelskandi frænka mín gaf mér á tuttugasta og fyrsta afmælisdeginum mínum og skáldsögunnar sem konan mín gaf mér þegar við vorum fyrst að deita.“

Hvaða rithöfundar eða skáld fá hjartað til að slá örar eða eru í uppáhaldi? „Bækur samtímahöfunda sem ég kaupi án þess að kynna mér efni þeirra fyrirfram eru meðal annars eftir Sebastian Barry, Margaret Atwood, Charlotte Wood, Max Porter, Emma Donoghue og Ron Rash. Á þessu ári hef ég bætt Carys Davies, Lauren Groff og hinum áströlsku Robbie Arnott og Charlotte McConaghy við þann lista.“

Áttu þér uppáhalds bókabúð? „Bókabúðin Matilda [í Adeleide í Ástralíu] skipar sérstakan sess í lífi mínu. Þetta

er lítil, sjálfstæð bókabúð sem styður duglega við bakið á rithöfundum í nærumhverfi sínu. Fyrstu ritverðlaunin mín þegar ég var barn var inneign til bókakaupa þar. Ég vann þar líka nýlega! Starfsfólkið er mjög vel að sér og afar hlýlegt. Það þekkir sína viðskiptavinum vel.“

Hversu margar bækur heldurðu að þú eignist árlega og lestu þær allar?

„Tsundoku er japanskt orð sem stendur fyrir fyrirbærið bækur sem hrannast upp, ólesnar eða bækur í bókahillunni sem þú býst við að þú lesir síðar. Það lýsir aðstæðum mínum vel. Á hverju ári eignast ég fleiri bækur en ég get lesið. Ég held því fram að það sé ekki algjörlega mér að kenna – ég er svo heppin að fá sendar margar bækur frá útgefendum og öðrum rithöfundum – en ég elska líka að fletta í gegnum bókaúrvalið í bókabúðum. Það er ómögulegt fyrir mig að heimsækja bókabúðina hér í nágrenninu án þess að kaupa eitthvað. Starfsfólkið hreinlega þrýstir bókum í hendurnar á mér. Á hverju ári eignast ég líklega allt frá þrjátíu og upp í hundrad bækur. Eða meira. Hver veit? Ég hræðist að slá á þær tölu.“

Hvaða bækur hefurðu lesið oftast?

„Fyrir utan lestur minn á *Little Women* á unglingsárunum, og sem ég er sífellt að grípa í, þá hef ég lesið *Tolkien*, *Sjálfstætt fólk*, *Alias Grace* eftir Margaret Atwood og þjóðsagnasöfnin mín margoft. Ég endurles líka ljóð mjög mikið. Ég elska Mary Oliver, Seamus Heaney og Gerard Manly Hopkins.“

Hvaða bækur lestu fyrir börnin þín?

„Það er fullt af bókum sem ég myndi gjarnan vilja lesa fyrir börnin mín en þau eru yfirleitt staðráðin í því að velja sjálf sögur fyrir svefninn. Þau elska að hlæja svo við lesum oft mjög kjánalegar bækur, eins og *The Christmas Bum*



Stórfjölskyldan saman komin á jólunum.

Book. Eða eitthvað um ketti. Þau elska myndabækurnar um köttinn *Findus* sem sænskur vinur gaf þeim. Enginn í Ástralíu virðist hafa heyrt um Sven Nordqvist svo núorðið panta ég bækurnar hans. Ég bý líka til sögur fyrir þau sem fela í sér ævintýri í töfrandi tréhúsum til að veða upp á

móti ævintýrum *Kóngulóarmannsins* og *Venom*. Svo lengi sem þau læra að elska sögur, í öllum sínum myndum, þá er mér alveg sama hvað við lesum.“



Hefur þú heimsótt staði sérstaklega vegna þess að þeir tengjast bókum sem þú hefur lesið? „Já, en

Hannah Kent

Jólin hér og þar ...

Ég elska hvít, notaleg íslensk jól en ég elska líka jólin í Ástralíu. Mesti munurinn á þessu tvennu er án efa veðrið! Jólin geta verið mjög hlý þar sem ég bý. Margar jólahæðir í Ástralíu eru breskar að uppruna en við höfum aðlagð þær að sumrinu. Í fjölmenningsáttfélagi eru líka margar aðrar leiðir til að fagna.

Á aðfangadagsmorgni er það þannig í fjölskyldunni minni að börnin vakna snemma til að opna gjafir frá jólasveininum við jólatréð og svo kemur stórfjölskyldan saman í hádeginu. Sumir eru með þyngri mat líkt og tíðkast hjá Bretum eða í evrópsku jólahaldi, en fjölskyldan mín velur venjulega eitthvað léttara eins og sjávarrétti, salöt og ferska ávexti. Enginn vill svitna yfir steik í 30 gráðu sumarveðri! Pavlova (ástralskur eftirrétur) er algjör nauðsyn. Og ef þú hefur aðgang að sundlaug þá er „jólasund“ alltaf toppurinn.



aðallega á Íslandi! Staði þar sem Íslendinga-sögurnar gerast. Ég hef líka farið til Windermere til að sjá Beatrix Potter og Wordsworth Country. Ég myndi elska að heimsækja heiðar Brontës einn daginn.“

Hver er eftirminnlegasta bókin sem þú hefur fengið að gjöf?

„Þegar ég var fimm ára leyfði konan, sem passaði mig eftir skóla, mér að eiga kassa með bókum sem ég fann í skúrnum hennar. Hún var hræðileg kona – hún lét okkur oft vera í bakgarðinum sínum þegar það var iskalt eða rigning – en ég mun alltaf vera henni þakklát fyrir þennan kassa með þrjátíu innbundnum Enid Blyton bókum. Hún ætlaði að fara með kassann á haugana.“

Þegar *Burial Rites* [Náðarstund] var í yfirlestri hjá útgefendum í Ástralíu gaf einn þeirra mér fyrstu útgáfu af *Letters from Iceland* eftir Auden og fallega Folio Society útgáfu af *Laxdæla sögu*. Ég var ótrúlega snortin.“

Hvað er bók? „Gátt.“

Hvað er best með bóklestri? „Í fullkomnum heimi? Kaffi, rólegheit og einhver þægilegur staður til að leggja út af. Mér finnst gott að lesa í rúminu á meðan allir aðrir eru sofandi eða, í góðu veðri, úti í hengirúmi.“

Ef þú ættir að gefa einhverjum sem þér þykir vænt um bók, hvaða bók yrði þá fyrir valinu og hverjum gæfirðu hana? „Ég myndi gjarnan gefa heiminum bókina *Braiding Sweetgrass* eftir Robin Wall Kimmerer. Þetta er bók full af visku, samúð og töfrum sem breytir hugum og hjörtum. Ef aðeins allir litu náttúruna sömu augum og Kimmerer gerir,“ segir Hannah að lokum.



Verslunarmannafélag
Skagafjarðar sendir
félagsmönnum sínum og fjölskyldum
þeirra bestu jólakveðjur.

Megi komandi ár færa okkur öllum gleði og hamingju.



Verslunarmannafélag
Skagafjarðar



Gleðilega rafmagnaða hátíð

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Við hlökkum til að verða samferða ykkur á orkuneti framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð.

„Hvern andskotann ertu þá að gera hér?“

UMSJÓN
Óli Arnar Brynjarsson

Nú um mánaðamótin kom út saga Friðbjörns G. Jónssonar, Bibba á spítalanum, en sögu hans skráði Sölvi Sveinsson. Friðbjörn var uppallinn á Sauðárkróki en fór ungur maður til höfuðborgarinnar. Þar var hann fljótt tekinn inn í Karlakór Reykjavíkur og eins og sagt var frá í viðtali við Sölva í 44. tölublaði hefur hann víða komið við í söng. Það er Sögufélag Skagfirðinga sem gefur bókina út og hún fæst að sjálfsgöðu í öllum betri bókabúðum. Hér birtum við brot úr kafla þar sem Friðbjörn segir frá samskiptum sínum við Stefán Íslandi.

STEFÁN ÍSLANDI (1907–1994) SÁ ÉG FYRST 1957. Hann átti fimmtugsafmæli þá 6. október og kom heim til að syngja í Toscu. Hann hélt síðan tónleika í Gamla bíói og Karlakór Reykjavíkur söng honum einnig heiðurstónleika þar sem margir söngvarar stigu á svið, sjálfur tók hann eitt lag með kórnum, *Allsherjar drottin* eða *Panis angelicus*. Ég bar virðingu fyrir honum, bæði sem söngvara og Skagfirðingi. Mér fannst mikið til hans koma þegar hann mætti á æfingu kórsins daginn fyrir tónleikana, kom beint úr hádegismat á Hótel Borg og vel til hafður að venju. Sigurður Þórðarson stjórnadi okkur á þessum tónleikum. Ég fór að sjá og heyra Toscu og sótti einnig tónleikana hans og fékk þannig, ef svo má segja, þverskurð af söngvaranum og varð mér ógleymanlegt. Það er gjörólíkt að syngja annars vegar hlutverk í óperu og hins vegar að standa einn á sviði með undirleikara.

Ég hafði auðvitað heyrt söng hans dásamaðan heima í Skagafirði, en þar hélt hann konserta árin fyrir seinni heimstyrjöld. Hannes Pétursson skáld fór á eina tónleika hans á æskuárum og hefur lýst þeim fallega:

Margt fólk á minningar um þá stund þegar hin háa list snart sál þess í fyrsta skipti svo djúpt að töfrarnir dvínðu aldrei síðan. Ég þykist vera í tölu þessa fólks, ég man slíka stund.

Stefano Íslandi kom til ættjarðar sinnar sunnan úr álfi til þess að halda konserta síðustu árin fyrir stríð, lærður á Ítalíu, dáður tenór af gjörvallri þjóðinni. Ég var svo lánsamur að heyra hann syngja í Bifröst, aðalsamkomuhúsi okkar á Króknum.

Söngvarinn stóð á sviðinu klæddur kjólfötum; spengilegur maður og vel limaður, dökkhærður og fagurhærður, mjög fríður í andliti. Ég hafði aldrei fyrr augum litið óperusöngvara og starði athugull á gestinn; skynjaði framandleika, seiðandi blæ.

Þessi glæsilegi maður söng nú hvert lagið af öðru. Samkomugestir hrifust

heldur betur, þakið ætlaði að rifna af húsinu við fagnaðarklappið. Og ég hreifst með í öllum mínum barndómi. Söngurinn var engu líkur sem ég hafði heyrt, hann glitraði sólbjartur fyrir hlustum mínum.


Eftir því sem leið á konsertinn hitnaði Stefano bersýnilega í kjólfötunum, enda frekar lágt til lofts, sviðið lítið, en húsið troðfullt út að dyrum og varð þess vegna svækjulegt í salnum. Hann tók að horfa í kringum sig á sviðinu milli sönglaga, dálítið þóttalegur, greip líka tveim fingrum í beinhardan flibbann að framanverðu, skók hann til, kerrti um leið höfuðið upp og aftur á við og reyndi að hleypra lofti ofan í gegnum hálsmálið, stóð jafnframt nokkuð gleitt á senunni, eins og hann þyrfti að tryggja sem best jafnvægi sitt á fjölnum, og horfði hvasseygur út í salinn á allt og ekkert. Framkoman var mér nýstárleg og heimsmannsleg, hafin yfir Bifröst.

Daginn eftir konsertinn stóð ég af tilviljun hjá þremur fullorðnum bæjarmönnum á götu. Þeir ræddu söng Stefans (en svo hét hann vitaskuld í tali þeirra) og dáðust allir einum munni að raddfegurð hans, en skröfðu líka um hitt, að með vissum tilburðum á sviði hefði Stefán viljað sýna að hann, fátækur piltur úr héraðinu, hefði framazt á heimsins hátt, hrist af sér sveitamennsku gamalla daga. Ég veit ekki hvort í þessu fólst meinfýsi, það getur verið. Mig skipti sviðsframkoma Stefans í Bifröst engu máli, list hans hafði borið mína ungu sál upp í háar hæðir sjálfrá söngtöfranna (Birtubrigði daganna, 98–99).

Stefán hætti að syngja við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn 1964 þótt röddin væri lítið farin að gefa sig. Hann orðaði það svo í ævisögu sinni sem Indriði G. skráði: „Sé ekki hætt í tíma veldur það beiskju og vonbrigðum. Ég vil hlífa mér og öðrum við slíku“ (247). Honum buðust ýmsar vegtyllur, en hafnaði þeim, þjáfaði þó söngvara leikhússins um tveggja ára skeið. Enn

Sungið af hjartans lyst

Friðbjörn
G. Jónsson



Sölvi Sveinsson skráði

Friðbjörn G. Jónsson. MYNDIR AÐSENDAR

bauðst honum frami á nýjum vettvangi, en hugurinn stefndi heim. Í mínum huga flutti Stefán aldrei að heiman, en dvaldist langdvölum erlendis og síðar í Reykjavík. „Heima“ hans var alltaf í Hólminum. Hann var um skeið vinnumaður í Ási í Hegranesi. Nú er frá því að segja að fagurt sumarkvöld ákváðum við Stefán að aka vestur að Gróttu til að sjá sólarlagið sem vissulega var fallet. Ég hafði hella „skudda“ á fleyg handa meistaranum að dreypa á; hann notaði það orð jafnan um gleidrykki og sótti í smiðju Jóns Ósmanns. En sem við höfðum séð sólina sigla yfir flóann sagði Stefán. „En þú veist vinur minn að þetta er bara eftirlíking.“ Frummyndin var heima í Skagafirði, eyjar og Þórðarhöfði í miðnætursól að síga yfir Skagafjörð eins og hann blasir við úr Hegranesi. Í „útleiginni“

ytra gekk hann um gólf í íbúð sinni eða herbergjum á söngferðalögum og las ljóð góðskáldanna upphátt til að heyra hljóm málsins. Og þegar hann skorti áræði við frumraun sína á óperusviði hugsaði hann um fjöllin sem blasa við af Eylendinu. Hann var allan tímann í Skagafirði!

Stefán fluttist til Íslands í janúar 1967 og sótti tónleika Karlakórs Reykjavíkur fyrir Montreal ferðina síðsumars það ár. Þar söng ég sólu og Stefán hringdi daginn eftir í Guðmund Jónsson til að forvitnast. Guðmundur svaraði einhverju og lofaði að senda „strákinn“ til Stefans eftir Kanadaævintýrið.

Þegar ég kom heim að vestan undir haust ákvað ég að láta nú verða af heimsókn til Stefans. Ég man hvað ég var feiminn og uppburðalítill þegar ég barði að dyrum á Reynimel hjá Stefáni.



Á þorrrablóti Karlakórs Reykjavíkur 1968, f.v.: Stefán Íslandi, Kristjana Sigurz, Friðbjörn, Sólveig, Kristjana Aðalsteinsdóttir, Stefán Snæbjörnsson, maður hennar í hvarfi, Svanlaug Torfadóttir og Ásgeir Óskarsson.

Hann opnaði dyrnar rösklega eftir nokkra stund og var nokkuð harður á svipinn þegar hann sagði hvasst: „Ég kaupi ekkert, hvorki merki né blöð.“ Ég varð alveg hvumsa, kom ekki upp orði, hélt ég hefði farið húsavillt, en þá allt í einu brosti hann og sagði: „Þú ert strákurinn á tónleikunum! Komdu inn!“ Við settumst inn í stofu og hann spurði: „Hvar hefurðu lært? Hvar hefur þú sungið?“ Ég svaraði því og hann hélt áfram:

„Hvað ertu gamall?“

„Ég er þrítugur“ svaraði ég. Hann þagði stundarkorn, sagði svo festulega:

„Hvern andskotann ertu þá að gera hér? Af hverju ertu ekki farinn?“ Ég svaraði engu. „Hvað ætlar þú að gera? Bara vera hér og bíða?“

Ég þagði. En svo bætti hann við:

„Er eitthvað sem ég get gert fyrir þig?“

„Ábyggilega“ svaraði ég.

„Viltu þá ekki koma hingað til mín og við þæfum eitthvað saman?“ spurði hann og ég þáði það með þökkum.

Stefán kenndi við Tónlistarskólann, en ég var þá farinn þaðan, þannig að þetta var einkakennsla á hans vegum. Í líklega þriðju heimsókn minni settumst við að venju inn í stofu þar sem var flygill og stofan fallega búin; þar hékk á vegg stórt málverk af Tindastól eftir Magnús Jónsson (1887–1958) prófessor; hann var sonur sr. Jóns Magnússonar sem var m.a. prestur á Mælifelli og á Ríp; Magnús var í hópi velgjörðamanna Stefáns á sinni tíð. Ég sagði eitthvað á þá leið að þetta væri ansi gott málverk af fjallinu.

„Þekkir þú eitthvað til þar?“ spurði hann þá. Ég sagði honum sem var að ég hefði alist upp undir fjallinu og væri fæddur á Bakka í Hólmi. Hann horfði á mig stundarkorn og sagði svo: „Og ég í Krossanesi!“ Við vorum sem sagt fæddir nánast á sömu torfunni í Hólminum.

Þetta var upphaf langra og góðra kynna okkar Stefáns. Við áttum traust vinasamband þangað til hann lést, sóttum tónleika saman og hann kom í mat til okkar Sólveigar. Og hann kenndi mér margt. Hann hafði pottþétta söngtækni eftir strangt fjögurra ára nám þar sem hann söng daglega. Kennarinn tók hann jafnvel með í sumarfrí til að ekki yrði messufall. Bel canto skólann kunnir hann til hlítar og sjálfur hafði hann afskaplega næma heyrn. Bel canto þýðir alveg eftir orðanna hljóðan „fallegur söngur“ og hefur þróast allar götur frá miðöldum, frá söng geldinga sem þá var tíðkaður; ungir menn voru geltir til þess að halda barnsrödd sinni og hana þurfti að þjálf. Röddin þurfti að vera skír og öguð. Í raun tekur mörg ár að læra á röddina með þessum hætti. Farinelli (1705–1782) var geldingur og hafði slíka rödd að fólk stóð fyrir utan þéttsetin óperuhús og hlustaði á söng hans. Benjamino Gigli (1890–1957), sá ljóðræni ítalski tenór, var til dæmis sex ár í námi og söng eiginlega bara skalann fyrstu tvö árin. Eftir átta ár þótti

röddin fullkomin og fær í hvaða sjó sem var. Þetta er ekkert áhlaupamál, krefst þolinmæði, sjálfsaga og elju. Stefán kunnir þetta til hlítar. Eitt þekktasta lagið í flutningi hans er Ökuljóð, Áfram veginn í vagninum ek eg. Upphafid er snilldarlega sungið í anda bel canto stílsins, hljómurinn óslitinn, sérhljóðarnir renna inn í sama farveg og lagið streymir fram. Í gamla bel canto stílnum voru fjórir hljómgefandi sérhljóðar, í, o, ú, ö. Hins vegar voru a og e flatir í gamla skólanum og þótti rétt að þeir væru æfdir gegnum ú og ö. Í þessum söng þurfa kjálkar og hálsvöðvar að vera sultuslakir, eins og ungdómurinn segir nú til dags, öll stífni er til tjóns fyrir sönginn. Hreyfanleiki innan tónsins skilur á milli hljóðs og söngs.

Einu sinni fórum við Stefán saman á tónleika hjá Tónlistarfélaginu í Reykjavík. Þar söng glæsilegur ungur Ítali, flottur strákur, tenór. Eftir tónleikana ætlaði Stefán að koma í mat til okkar Sólveigar, en við bjuggum þá við Barónsstíg. Við röltum upp Laugaveg. Ég spurði hvað honum þætti um tónleikana, en hann svaraði ekki. Við settumst inn á veitingahús til að hvíla okkur og fengum staup á borðið.

„Þetta er nú lagleg rödd“ sagði ég.

„Það getur vel verið að röddin sé lagleg, en þetta hefur ekkert með söng að gera. Hann gæti kannski bjargað sér í sjávarháská, en ekki á sviði. Ef þú fréttir af þessum söngvara eftir fimm ár, þá lætur þú mig vita.“ Sem ekki varð.

Ég gekk til Stefáns vikulega og hann lét mig syngja fyrir sig. „Það er margt í fínu lagi. Röddin er laus og hún er falleg, en sumt gæti farið betur.“

Hann var ekki sáttur við hvernig ég færði röddina milli sviða, ég þyrfti að bæta tengingu milli mið- og hásviðs þannig að röddin héldi fínu formi. Allt þarf að hafa sinn ramma. Eftir því sem röddin hækkar verður hún grennri, hljómbotninn minni. Hann auðveldaði mér að virkja röddina með líkamanum, styrkja hljóm hennar. Einnig kenndi hann mér að flytja textann, framburðinn, frammar í munninn, það auðveldar sönginn og hjálpaði mér að ná jafnvægi í röddina þannig að hún breytti ekki um lit milli sérhljóða. Það var gott að eiga hann að.

Stefán var hreinskilinn, sagður vera hrokafullur sem er víðs fjarri öllum sannleika. Í óvæginni samkeppni um hlutverk

þurfti hann hins vegar að búa til skjöld sér til varnar. Söngheimurinn var harður skóli á hans árum. Margir um hvert einasta hlutverk. Í því samhengi man ég eftir einni ráðleggingu hans: „Taktu þér aldrei stöðu þar sem einhver kemst aftan að þér. Ef þú getur ekki varið þig að framan verður þú bara að falla.“ Aldrei fann ég fyrir beiskju í fari hans. Hann var sannarlega drengur góður.

Kjarninn



GERÐU BÍLINN HREINAN & FÍNAN FYRIR JÓLIN

með Meguiar's
bílahreinsivörum

Eigum mikið úrval
af hágæða
bílahreinsivörum
frá Meguiar's



Verið velkomin
í Kjarnann!

KJ Bílaverkstæði

Matgæðingar | siggag@nyprent.is

Spjallað við þrjár skagfirskar brauðtertudrottningar

Gómsætt listaverk

Nú á dögnum kom út *Stóra brauðertubókin* og er nokkuð ljóst á titlinum hvað innihald bókarinnar felur í sér. Þarna er á ferðinni 223 blaðsíðna uppskriftarbók með fallegum myndum af þjóðarrétti Íslendinga, brauðtertunni. Feykir hefur lengi verið mikill aðdáandi brauðtertunnar og fylgist grant með Facebook-hópnum Brauðertufélagið Erla og Erla þar sem áhugafólk brauðtertunnar deilir myndum af listaverkunum sínum sem það hefur dundað við að gera fyrir alls konar tilefni.

Í júlí á þessu ári fór fram brauðtertukeppni, bæði í Reykjavík og á Akureyri og tóku a.m.k. þrjár skagfirskar brauðtertudrottningar þátt í keppninni. Þær voru einnig svo heppnar að vera valdar til að deila uppskriftunum sínum í þessari glæsilegu bók sem ber nafnið *Stóra brauðertubókin: Majó majó majó og örlítið meira majó* og er hægt að festa kaupa á henni á heimasíðunni www.forlagid.is og kostar 9.990 kr.

Feykir hafði samband við þessar flottu konur þær Hafdís Skúladóttir, Kristínu Snorradóttir og Margréti Grétarsdóttir og lagði fyrir þær nokkrar spurningar ásamt því að fá hjá þeim uppskriftirnar sem rötudu í bókina góðu.

Hafdís Skúladóttir:

Mitt fólk er nú frekar íhaldsamt þegar kemur að brauðtertum

Hafdís Skúladóttir býr í Fellstúninu á Króknum. Hún segist alltaf hafa haft gaman af því að útbúa brauðtertur og þegar hún er með fjölskylduafmæli eða aðrar veislur þá hafi hún yfirleitt alltaf boðið upp á brauðtertur þó svo að hún hafi horfið um tíma af veisluborðum landsmanna – nema kannski í erfidrykkjum. Ástæðan fyrir því að brauðtertann var ekki jafn vinsæl á borðum landsmanna var sú að heitu réttirnir urðu svo vinsælir. En sem betur fer er brauðtertann að

ná vinsældum aftur og fólk er farið að bjóða upp á bæði brauðtertur og heita rétti.

Hver var þín fyrirmynd í brauðtertugerð og fékkstu kennslu eða ertu sjálfærð? -Ég er að mestu sjálfærð en fékk aðstoð hjá frænku minni, henni Öldu Ferdinandsdóttur, hún er mín helsta fyrirmynd. Hún er mjög flink í höndunum og gerir mjög fallegar brauðtertur. Hún kenndi mér hvernig best er að setja inn í tertuna svo hún sé sem best úr garði gerð. Hér áður fyrr þá var ekki eins mikið úrval af efni til skreytinga á brauðtertum. Í dag er efnisúrvalið til skreytinga miklu meira.

Nú hafa margir miklar skoðanir á hvað sé besta mæjó, hvaða mæjó notar þú? -Ég er nú svo íhaldssöm að ég nota alltaf mæjó frá Gunnars majonesi. Þekki það best og nota þá oftast létt og venjulegt saman.

Hvernig datt þér í hug að taka þátt í þessari keppni? -Þetta var gert mest upp á gamanið. Ég fékk þann heiður að setja á brauðtertur um páskana fyrir skírnarveislu hjá lítilli frænku. Þar var ég spurð hvort ég hefði farið á námskeið í brauðtertugerð, en svo er ekki. Svo sá ég auglýsingu um þessa brauðtertukeppni og segi við mitt fólk að ég væri að spá í að taka þátt, bara upp á gamanið. Þau héldu það nú, en ég hugsaði nú samt; ég hef nú ekkert að gera í þetta. Þannig að ég setti þetta fram í Facebook og ákvað í kjölfarið



Fallega skreytt brauðterta eftir Hafdís. AÐSENDAR MYNDIR

að skrá mig. Þarna fór ég aðeins út fyrir þægindarammann. En markmiðið náðis – að komast í Brauðertubókina.

Nú eru til alls konar fyllingar – hvernig er besta brauðtertann? Það er rétt það eru alls konar fyllingar til og fólk ófemið að prófa eitthvað nýtt. Mitt fólk er nú frekar íhaldssamt þegar kemur að brauðtertum, þau vilja hafa brauðtertuna með hangikjöti. Besta brauðtertann er hangikjöt, blandað grænmeti, egg og mæjó en ég breyti líka til og geri brauðtertur með rækjum og skinku. En ég hef ekki gert margar með öðrum fyllingum.

Ertu til í að deila uppskriftinni sem var valin í bókina? -Sjálfsagt mál. Uppskriftin í *Stóra brauðertubókinni* er ekki alveg rétt. Uppskriftin er frá henni Öldu frænku minni og miðast við fjögur rúllutertu-brauð (þetta er stór uppskrift).

Hráefni:

800 g hangikjöt
12-14 stk egg
1 heildós blandað grænmeti
500 g létt majones
500 g venjulegt majones
appelsínupykkni eftir smekk

Aðferð: Öllu hrært vel saman og smurt á brauðertubrauðin og endar á að setja fjórða og síðasta brauðertubrauðið ofan á. Ég smyr tertuna síðan með létt majonesi (gott að vera með 500 g bara svo það sé nóg). Ég mæli síðan með að leyfa hugmyndafluginu að ráða þegar kemur að skreytingum.

Ert þú með eitthvað leynitrikk þegar þú gerir þínar brauðtertur? -Þegar brauðtertur eru gerðar þá

passa ég að fyllingin ná út í öll horn og set á brauðtertuna kvöldið áður. Daginn eftir skreyti ég tertuna. Þegar búið er að setja fyllinguna á milli og hún búin að bíða yfir nótt, þá er gott að jafna allar hliðar, brauðertubrauðið getur verið misjafnlega stórt. Ég nota alltaf létt majones til að setja utan á hana. Meðan ég geri brauðtertuna þá hef ég hugann við það hvernig ég ætla að skreyta hana. Einnig er gott að hafa góð áhöld til að nota þegar er verið að undirbúa skreytingu t.d. að skera út blóm úr tómötum og fleira.

Ertu með einhverja skemmtilega sögu sem hefur komið fyrir þig þegar þú varst að gera brauðtertur? -Ég lenti einu sinni í því við gerð brauðtertuna að ég var búin að setja inn í hana, að blandan var ekki nógu mikil og þurfti ég að skafa af brauðinu og gera stærri blöndu, eftir það hef ég nú passað mig á því. Ég hef líka lent í því að eiga ekki nóg majones (allar búðir lokaðar) til að setja utan um tertuna og þurfti ég að hringja í allar áttir og fékk eina dós. Eftir það kaupir ég alltaf stærri dósina til að nota þegar ég fer að setja utan um tertuna.

Kristín Snorradóttir:

É huginn á brauðtertugerð kviknaði fyrir 10 árum

Kristín Snorradóttir býr í Birkihlíðinni og starfar hjá Sjóvá á Króknum. Kristín segir að hún hafi ekki átt neina beina fyrirmynd í brauðtertugerðinni en móðursystir hennar, Svava, hafi gert fallegar tertur og lagði mikinn



Hafdís Skúladóttir með fjölskyldunni sinni.



Kristín Snorradóttir.

metnað í að hafa veisluborðið fallett og það var eitthvað sem Kristín hafi tekið vel eftir alla tíð. Kristín skellti sér svo á námskeið hjá „Allt í Köku“ í Reykjavík og lærði þar sykurmassagerð og að sprautu smjörkrem. Upp frá því fékk hún mikinn áhuga á að skreyta tertur og segir að það sé hægt að finna fullt af hugmyndum um kökuskreytingar á Youtube.

Hefur þú alltaf haft gaman að því að setja á brauðertu og skreyta? – Nei, ég byrjaði að hafa áhuga á þessu svona fyrir tíu árum. Hef annars alltaf haft gaman að því að gera hlaðborð með kökum, tertum og heitum réttum.

Nú hafa margir miklar skoðanir á hvað sé besta mæjóid, hvaða mæjó notar þú? –Ég nota Gunnars majones og blanda til helminga venjulegt og létt majones.

Hvernig datt þér í hug að taka þátt í keppinni? -Þessi keppni var líka í fyrra og fékk ég bæði þá og nú hvatningu frá fjölskyldu og vinum um að taka þátt. Þannig að ég ákvað að skella mér þetta árið.

Nú eru til alls konar fyllingar, hvernig er besta brauðertan? Besta brauðertan er sú sem fjölskyldan er hrifnust af, á mínu heimili er það rækjuterta.

Ertu til í að deila uppskriftinni sem var valin í bókina? -Hér er uppskrift sem passar á tvö langskorin brauðertubrauð, er fjög-urra hæða og það á að vera salat á efstu hæðinni líka.

Hráefni:

- 800 g rækja frá Dögun, hún er best
- 12-15 egg eftir stærð og smekk
- 500 g venjulegt majones
- 500 g létt majones
- salt og svartur pipar eftir smekk.

Ertu með eitthvað leynitrikk þegar þú gerir þínar brauðertur? -Nei, í rauninni ekki, bara gera þær daginn áður og passa að þegar þú skreytir tertuna að þá sjáist á skrautinu hvað er í henni. Til dæmis ef þú ert með skinkutertu með aspas í þá þekur



Glæsileg brauðertu eftir Kristínu.

maður hana með skinku og nota þá aspas í skrautið.

Ertu með einhverja skemmtilega sögu sem hefur komið fyrir þig þegar þú varst að gera brauðertu? Hef fundist skemmtilegast að kenna öðrum það sem ég kann. En annars fannst mér það nokkuð gott þegar ég mætti með brauðertuna í brauðertukeppnina. Stúlkan sem tók á móti tertunni spurði mig hvort ég hefði keypt skrautið.

Margrét Grétarsdóttir:

Það má auðvitað ekki segja frá leynitrikkum



Margrét Grétarsdóttir og eiginmaðurinn, Páll Sighvatsson.

Margrét Grétarsdóttir í Brekkutúninu og starfar á skrifstofu Kaupfélags Skagfirðinga segir að hún hafi yfirleitt alltaf haft gaman að því að skreyta brauðertur. Þá á hún það til að detta í einhvern gir og skreytingin verður þá til hverju sinni. Einnig segir hún okkur að bóndinn hennar, Páll Sighvatsson, sé að verða ansi lunkinn við að skreyta svona þegar mikið liggur við.

Hver er þín fyrirmynd í brauðtertugerð og fékkstu kennslu eða eru sjálfærð? -Mín helsta fyrirmynd þegar ég var að byrja í

brauðtertugerðinni var hjá Petru systur minni. Einnig er ég í svo frábæru kvenfélagi en það er Kvenfélag Staðarhrepps og þar hef ég lært ýmislegt í sambandi við skreytingar af vinkonu minni henni Kristínu Snorradóttur sem einnig er í kvenfélaginu og tók þátt í þessari keppni.

Nú hafa margir miklar skoðanir á hvað sé besta majónesið, hvaða majónes notar þú? -Ég nota alltaf Gunnars létt majones.

Hvernig datt þér í hug að taka þátt í þessari samkeppni? - Sá þetta auglýst og fannst þetta bara vera skemmtileg áskorun.

Nú eru til alls konar fyllingar, hvernig er besta brauðertan?- Það eru nú skiptar skoðanir á því, yfirleitt er rækjubrauðertan lang vinsælust þá næst skinkubrauðertu svo koma túnfiskbrauðertur, sem mér finnst bestar, og hangikjötsbrauðertur.

Ertu til í að deila uppskriftinni sem var valin í bókina? Já, sjálfsagt mál. Ég hafði þessa brauðertu í fjórum lögum á hæðina með þrjú brauð á breiddina, má alveg vera fjögur lög, sem sagt tólf / fimmtán langskorin brauð frá Myllunni.

- Í rækjusalatid fór:
- 4 x 800 g af salat rækju frá Dögun, lang bestar
- 4 x 500 ml af Gunnars létt majonesi
- 3 dollur MS sýrður rjómi 18%
- 20 egg
- smá dass af aromat kryddi og sítrónusafa.

Aðferð: Þýðið rækjurnar í tíma með því að dreifa úr þeim á disk eða bretti. Þegar frostið er farið er gott að láta mesta vökvann renna af rækjunum í sigti. Setjið þær loks á pappír til að þerra þær endanlega. Blandið saman 2 l létt majonesi og 6 dl sýrðum rjóma (3 dósum). Skerið niður eggin og bætið þeim út í blönduna ásamt rækjunum. Smakkið til með aromat og sítrónusafa. Skerið skorpunar af brauðinu og raðið þremur / fjórum samsíða sneiðum þétt saman á bakka. Smyrjið fjórðungi af fyllingunni yfir. Endurtakið þetta tvisvar. Geymið fjórðung til að smyrja ofan á tertuna í lokin. Gott er að geyma tertuna í kæli yfir nótt og skreyta næsta dag. Skerið tertuna til og jafnið hliðarnar. Blandið saman 5 dl léttmajónesi og 2 dl sýrðum rjóma og smyrjið yfir tertuna. Bætið loks afganginum af fyllingunni ofan á. Þá er komið að því að skreyta.

Hugmynd að skreytingu; tómatar, plómur, agúrka, vínber, egg. Afgangurinn af rækjusalatinu er settur ofan á tertuna, því næst eru tómatar og plómur flysjaðar og útbúin blóm. Sker út laufblöð og fleira til skrauts úr gúrkum og einnig eru vínberin gerð eins og kórónur. Nota líka egg til skrauts. Hugmyndarflugid ræður hverju sinni hvernig hver terta lítur svo út að lokum.

Ert þú með eitthvað leynitrikk þegar þú gerir þínar brauðertur? Það má auðvita ekki segja frá leynitrikkum.



Eitt af meistaraverkum Margrétar Grétars.

Vísnaþáttur 869

Heilir og sælir lesendur góðir.

Í síðasta þætti urðu þau mistök í prent-verkinu að seinni vísa Gísla Ólafssonar um nafna hans í Eyhildarholti var ekki rétt með farin. Því til viðbótar kom eins og skratti úr sauðalegg málsgrein á milli vísanna sem alls ekki átti þar að vera. Tel rétt vegna þessara mistaka að birta seinni vísuna aftur.

*Gíslí tíðum fjöll á fer
fénu víða að gáir.*

*Með röskari liðum öllum er
engum kvíða náir.*

Svo er nú komið okkar málum á lífsins leið að jólablaðið okkar fer senn að líta dagsins ljós. Gaman að finna nú kannski eitthvað í þennan þátt sem tengist þeirri helgu hátíð.

Í því mikla myrkri sem ríkir á þeim tíma mun Magdalena Thoroddsen einhverju sinni hafa ort svo.

*Nálgast jörðin sólhvörf sín
sumardýrðin farinn,
en á himni aftur skín
allur stjörnuskarinn.*

Næst á dagskrá verður þá ágætt innlegg hagryðings sem ég því miður man ekki hver er. Mun svo hafa verið ort 12. desember 1997.

*Nú kemur senn að jólum
og kvikna ljósin björtu,
ég kvíði fyrir magapreytu
græðgi og yfirvigt.
Þá freista ljúfar krásir
sem hylla okkar hjörtu
en hafa skaðleg áhrif
á meltingu og lykt.*

Það er Bjarni Valtýr Guðjónsson sem leggur okkur til næstu vísu.

*Ljóssins hátíð miklar mína
mildar jólasnjór.
En á himnum syngur sína
sálma englakór.*

Þegar blessuð jólahátíðin hefur gengið sitt skeið fer fljótt að birta til og dagar að lengjast. Man því miður ekki hver orðar þau tímamót svo fallega.

*Lengist dagur, suðræn sól
sendir geisla hlýja,
yfir tiginn Tindastól
trafi vafinn skýja.*

Árið 1995 voru átök á milli fulltrúa sem þá sátu kirkjuþing. Skömmu síðar fór Ólafur Skúlason þá biskup Íslands í heimsókn til Ísrael. Varla var biskup lengi þar þegar sagt var frá því í fréttum að blossað hefðu upp miklar óeirðir. Veit því miður ekki um höfund.

*Drottni þjóna seggir senn
sveiflum geðsins flíka.
Er biskup kom til Betlehem
braust út stríð þar líka.*

Flest þráum við Íslandsbörn birtuna sem fylgir jólahátíðinni. Jón í Víðimýrarseli orðar sína hugsun svo fallega á þeim skilum myrkurs og birtu.

*Finnur lundin ljúfan straum
lífs er blundar garri.
Óðs við bundinn er ég taum
amastundin fjarri.*

Ekkert heftir hugans ró

*hef þó margt að gera,
þar sem birtan býðst mér nóg
best er þá að vera.*

Í skammdagi jólanna verða margar góðar vísur til. Sveinbjörn Björnsson sem mun hafa alið sinn aldur í Reykjavík mun höfundur að þessari.

*Nóttin læðist hljóð og hlý
himins upp á salinn,
rökkur slæðum reifar í
rósum skreytta dalinn.*

Á þessari árstíð sníst margt í hinu daglega lífi um starfsemi kirkjunnar okkar. Oft stendur hún í deilum og svo mun verið eitt sinn, er prestkosningar fóru fram í Garðasókn syðra. Man því miður ekki hver lagði svo gott til mála þar.

*Í kirkjunnar heimi svo hörðum
menn hampa ei laganna vörðum.
þau vild ekki sjáann
en samt munu fáann
því víðar er Guð en í Görðum.*

Mikið gleður mig, að hafa nú fengið hér til birtingar í þættinum nokkrar fallegar jólavísur. Höfundur þeirra er góð vinkona þessa þáttar hér áður fyrr, Ingibjörg Eysteinsdóttir húsfreyja á Beinakeldu í hinum forna Torfalækjahreppi.

*Óska ykkur árs og friðar
allra gæfu um þessi jól.
Elfa tímans áfram miðar
eyðist myrkur hækkar sól.*

Falleg ósk kemur fram í næstu vísu Ingibjargar.

*Leiki ykkur lánið við
léttrar njótið gleði.
Árið nýja færi frið
farsæld, birtu í gæði.*

Enn verður til falleg kveðja hjá Ingibjörgu.

*Þegar jólaljósin ljóma
lifnar yfir hug og sál.
Söngvar fagrir sífelld hljóma
sanhæft alheims tungumál.*

Án þess að vita nokkuð um það dettur undirrituðum í hug að þessar ágætu vísur hafi á sínum tíma verið ritaðar á jólakort til vina og ættingja.

*Gjafir margar gefnar eru
gjöfin best og stærst er sú.
Jesúbarn í jötu borið
jólafríðinn helgar nú.*


Ekki skemmir sú næsta þennan fallega boðskap Ingibjargar.

*Ljós á kertinu lifir
líður að jólanótt.
Andi guðs vakir yfir
allt verður kyrrt og hljótt.*

Þá er nú lesendur góðir enn einn þáttur að verða fullskapaður, gleður okkur vonandi öll að enda með þessari fallegu ósk Ingibjargar.

*Vetrartíð þó verði köld
og víða fenni í skjólínn.
Ykkur geymi kyrrlát kvöld
og kærleiksrík um jólin.*

Veriði þar með sæl að sinni.



Guðmundur Valtýsson
Eiríksstöðum,
541 Blönduósi
Sími 452 7154



Jólaspekingar spjalla

Einþór Logi Ólafsson | Ásgarður

Traktor kæmi sér vel

Af hverju höldum við jólin? Veit ekki.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla.

Hvað borða jólasveinarnir? Hafragraut.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Traktor. /kbs

Jólaspekingar spjalla

Sigurlín Lóa Andradóttir | Ásgarður

Sveinkarnir borða börn

Af hverju höldum við jólin? Veit ekki.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Grýla.

Hvað borða jólasveinarnir? Börn.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Veit ekki. /kbs



Jólaspekingar spjalla

Egill Þór Pétursson | Ásgarður

Kjöttbollur í matinn

Af hverju höldum við jólin? Jól.

Hvað heitir mamma jólasveinanna? Mamma.

Hvað borða jólasveinarnir? Kjöttbollur.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Bolta. /kbs



Farskólinn

óskar öllum íbúum á Norðurlandi vestra
gleðtilegra jóla og farsæls nýs árs.

Pökkum kærlega fyrir samstarfið á árinu

sem er að líða og hlökkum til

að sjá ykkur á nýju ári.

farskolinn.is - 455 6010 - farskolinn@farskolinn.is



Jólaball

Kvenfélag Lýtingsstaðahrepps
bíður ykkur á hið árlega
jólaball í Árgarði þann
29. desember kl. 14

Kaffiveitingar verða í boði
kvenfélagsins og jólasveinar
mæta á svæðið

Hlökkum til að sjá sem flesta
og eiga saman notalega
samverustund

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR frá Ifor Williams



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum
þekktu framleiðanda til afgreiðslu **Strax**



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Sendum íbúum Skagafjarðar og viðskiptavinum okkar bestu jóla- og nýárskeðjur




nýprent ehf. | 12/2022

SKAGAFJARÐARVEITUR | BORGARTEIG 15 | 550 SAUÐÁRKRÓKUR | SÍMI 455 6200 | SKV@SKV.IS

www.skv.is

Velkomin í verslanir Líflands á Blönduósi eða Akureyri

Búrekstrarvörur - Hestavörur - Fóður - Gæludýravörur
Útivistarvörur



Lífland Akureyri

Grímseyjargötu 2 - Sími 540 1150
Opíð virka daga frá 9 - 17 og laugardaga frá 10-14

Lífland Blönduósi

Efstubraut 1 - Sími 540 1155
Opíð virka daga frá 9 - 17



Gleðileg jól

Við höfum tekið í notkun endurbætta heimasíðu:
www.stodehf.is



STOÐ
VERKFRÆÐISTOFA

Aðalgötu 21, Sauðárkróki
458 5050 | www.stodehf.is
stod@stodehf.is



Jólin mín klara@nyprint.is

Heiða Jonna Friðfinnsdóttir | Leiklistarkennari við FNV

„Það er svo jólalegt að kaupa jólagjafir“



Ægir Örn, Frosti Freyr, Heiða Jonna og Ásbjörg Edda. AÐSEND MYND

Heiða Jonna Friðfinnsdóttir, gift Ægi Erni Ægissyni, eiga tvö börn, Frosta Frey 6 ára og Ásbjörgu Eddu eins og hálfis árs. Heiða kennir leiklist í FNV og er í Meistaránámi í Háskóla Íslands til þess að næla sér í kennsluréttindi. Heiða er uppalin á Siglufirði en er búsett á Sauðárkróki sem stendur.

Þú ert jólabarn, afhverju helduru að það sé? -Ég er fædd 22. desember og mamma fædd 19. desember svo að þetta var/er í sjálfu sér mjög hátíðlegur tími. Mamma var mikið jólabarn og það hefur smitast svona svakalega yfir á mig.

Hvað kemur þér í jólaskepp? -Jólatónlist, mandarínulykt og skammdegið með jólaljósum.

Hvenær byrjar þú að jólaskreyta? -Ég vil byrja í nóvember, en maðurinn minn er ekki of hrifinn af því, svo ég fæ að byrja í byrjun desember eða bara á aðventunni.

Ertu að gefa margar jólagjafir? -Já, ég myndi segja það. Nánasta fjölskylda og

einstaka frænka og frændi. Við hjónin erum samanlagt með frekar stóra fjölskyldu, hann á fjögur systkyni og ég á þrjú, svo eru það börnin þeirra, foreldrar og ömmur. Allir fá jólagjafir!

Og er búið að kaupa eitt-hvað af jólagjöfum? -Ekki enn! Ótrúlegt en satt. [spurt um miðjan nóvember] Ég byrja oftast ekki fyrr en á aðventunni því það er svo jólalegt að kaupa jólagjafir. Annað væri þjófstart.

Hvað langar þig í jólagjöf? -Airfryer! Nú eða bara frið á jörð eða eitthvað.

Hvað er besta jólalagið? -Nei, nei, ekki um jólin og Ó helga nótt.

Hvenær ertu að taka jólaskrautið niður? -Ég byrja yfirleitt á þrettándanum, en stundum dregst það aðeins. Sérstaklega jólaljósin, það er svo notalegt að hafa þau í skammdeginu.

Sendir þú jólaskort? -Nei, mér finnst það eitthvað svo kvíðavaldandi ofan á allt annað sem fylgir jólnum svo ég hef hingað til sleppt því.

Eru föst jólaboð hjá þér og þínum? -Já, við förum

alltaf til ömmu hans Ægis á Jólalag í hangikjöt og meðól.

Hvað finnst þér ómissandi að gera yfir hátíðirnar? -Horfa á *Home Alone* og aðrar góðar jólamyndir með piparkökum og mandarínur sem nasl.

Ertu að kaupa jólaföt á þig og þína? -Á börnin já, þau stækka svo hratt að það passar ekkert á þau ár frá ári. En við foreldrarnir erum bara með eitt-hvað gamalt og gott úr fataskápnunum.

Hvað er í jólamatinn? -Hamborgarhryggur og mikið sykrað meðlæti.

Bakar þú fyrir jólin? -Stundum, stundum ekki. Það fer eftir því hvort ég hef tíma eða ekki.

Hver er uppáhaldskökusortin þín? -Sörur eru klassískar, en ég elska líka súkkulaðibitakökur.

Jólin eru... góður matur, samvera með fjölskyldu og almenn kósýheit.



Húnabyggð

óskar öllum nær og fjar
gledilegra jóla og
farsæls komandi árs



Jólamyndagátan 2024



Höfundur: Páll Friðriksson

VERÐLAUNAMYNDAGÁTA

Fern bókaverðlaun verða veitt fyrir rétta lausn myndagátunnar sem felst í setningu sem lesa má út úr myndunum 29. Athugið að ekki er gerður greinarmunur á breiðum og grönnum sérhljóða.

Lausnina skal senda á netfangið feykir@feykir.is eða í pósti á: Feykir fréttablað, Hesteyri 2, 550 Sauðarkróki, eigi síðar en sunnudaginn 15. desember nk. **Gangi ykkur vel!**



Óskum viðskiptavinum
gleðilegra jóla og nýárs

með þökk fyrir viðskiptin á árinu!

Skagfirðingabúð

fyrir góðan dag

Gallerí Alþýðulist óskar öllum viðskiptavinum
og velunnurum félagsins
gleðilegra jóla og friðar á komandi ári.

Í gallerinu fæst úrval af fallegu
handverki til jóla- og tækisfærisgjafa.

Opíð í desember

7. og 8. des. 14. og 15. des.



Óskar landsmönnum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári

